Tengir saman tvo heima



Menning ➤ 34

Fengu heimili til frambúðar



Lífið ➤ 38

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

61. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 29. MARS 2022



Gríðarlegur fjöldi flóttafólks hefur streymt yfir til Póllands frá Úkraínu vegna innrásar Rússa. Viðbúnaður og álag á kerfið fer vaxandi með hverjum deginum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kvarta til ESA vegna blóðmerahalds

**Eftirlitsstofnun EFTA hefur borist kvörtun vegna blóðmerahalds á Íslandi. Dýraverndarsamtök telja að blóðtaka úr fylfullum hryssum brjóti gegn reglum EES.**

ingunnlara@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Belgísku dýraverndarsamtökin Eurogroup for Animals hafa ásamt 16 öðrum dýraverndarsamtökum lagt fram kvörtun til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna blóðmerahalds á Íslandi.

Samtökin telja að blóðtaka úr fylfullum hryssum brjóti gegn reglum EES um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni.

„Ísland beitir ekki sem skyldi löggjöf sinni um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, sem byggir á tilskipun ESB. Ísland er aðili að fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og fylgir þar með reglum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem eru flestar í samræmi við reglur ESB,“ segir í kvörtuninni.

Elsa Gunnarsdóttir, samskiptafulltrúi ESA, segir að ákveðið ferli fari af stað innan stofnunarinnar þegar kvörtun berst. Rannsókn gæti farið af stað til að athuga hvort brot hafi verið framið.

„Almennt séð þá myndum við byrja á að kalla eftir gögnum og upplýsingum frá Íslandi,“ útskýrir Elsa aðspurð um ferlana.

Í reglugerð EES, sem Ísland samþykkti árið 2017, er tekið fram að tilraun skuli ekki gerð á dýrum ef önnur aðgerð eða prófunaraætlun til að ná fram niðurstöðum sem sóst er eftir, sem felur ekki í sér notkun á lifandi dýri, er viðurkennd.

Dýraverndarsamtökin benda á að nú þegar hafi verið þróuð syntetísk aðferð til framleiðslu á eCG-hormónalyfi sem þau segja jafnáhrifaríkt og hormón úr blóði fylfullra hryssa.

„Það eru til aðrir kostir sem hafa fengið leyfi á lyfjamarkaðnum. Einnig er hægt að auka frjósemi húsdýra með dýrafræðilegum aðgerðum eins og er þekkt í lífrænum búskap.“

Íslensk yfirvöld hafa gefið út að um blóðmerahald gildi lög um velferð dýra og reglugerð um velferð hrossa en ekki lög um vernd dýra sem eru notuð í tilraunaskyni. Belgísku samtökin segja að þetta sé ekki í samræmi við yfirlýsingar frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE).

„Að nota dýr til að þróa lyf er skilgreint sem tilraun á dýrum,“ segja forsvarsmenn Eurogroup for Animals. ■

» **Eurogroup for Animals telja að blóðtaka úr fylfullum hryssum brjóti gegn reglum um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.**

## Varsjá kraumar

**ÚKRAÍNA** Vaxandi spenna er meðal almennings í Póllandi um hvernig innrás Rússa í Úkraínu muni vinda fram. Borgarar í Varsjá, sem Fréttablaðið ræddi við á götum höfuðborgarinnar í gær, segja óþolandi að talað sé um rússnesku þjóðina líkt og þolanda vegna innrásarinnar.

” **Ég fyrirgef þeim ekki**

Diplómat í Varsjá

„Ég fyrirgef þeim ekki,“ segir diplómat í borginni.

Öryggisvarsla hefur nú verið aukin á Chopin-alþjóðaflugvellinum í Varsjá. Þá voru lögreglumenn nokkuð áberandi í miðborg Varsjár í gær. SJÁ SÍÐU 8

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.mitsubishi.is/eclipse

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition



*Að sjálfsögðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



Nýja húsnæðið er staðsett við Amtmannsstíg 5a. MYND/GOOGLE MAPS

# Píeta samtökin flytja með hjálp Oddfellow

thorgrimur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Píeta samtökin hafa tilkynnt að þau hyggist flytja starfsemi sína í nýtt og stærra húsnæði í júní. Samkvæmt fréttatilkynningu frá samtökunum hefur umfang starfsemi þeirra aukist mikið á síðustu árum og núverandi húsnæði þeirra rúmar hana ekki lengur.

Samtökin fengu styrk frá Oddfellowstúkunni nr. 3, Hallveigu, til að flytja sig í nýja húsnæðið, og fulltrúi stúkunnar verður viðstaddur undirritun leigusamnings við húseigandann í dag. Stúkan mun að mestu greiða leigukostnað samtakanna næstu þrjú árin, auk þess sem hún mun greiða fyrir endurbætur á því áður en flutt verður. Þórir Haraldsson, formaður mannúðarsjóðs stúkunnar, segir að þessi stuðningur við Píeta samtökin „falli vel að áherslum“ stúkunnar.

»

Oddfellowstúkan Hallveig mun greiða leigukostnað að mestu í þrjú ár.

Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Píeta samtakanna, segir að starfsemi og eftirspurn eftir hjálp samtakanna hafi meira en tvöfaldast á síðustu árum og að starfsemin hafi sprengt húsnæðið utan af sér. Bæði fólk í sjálfsmorðshugleiðingum og aðstandendur fólks sem hefur fyrirfarið sér hafi leitað til samtakanna í auknum mæli.

Samtökin hafa undanfarin ár verið til húsa að Baldursgötu 7, en leigufélagið Alma hefur leyft þeim að nota húsnæðið endurgjaldslaust. Nýja húsnæðið er við Amtmannsstíg 5a í miðbæ Reykjavíkur og er í eigu Skúla Gunnars Sigfússonar, sem einnig mun styrkja samtökin með leigugreiðslum. ■

## Síðasti skaflinn í Gnoðarvogi



Vetur konungur er að missa tök sín á landslagi borgarinnar og sakna hans fæstir. Einstaka skítugan skafl og klakabunka á tjörn má þó enn finna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krýndan þorsk á hið háa Alþingi

jonthor@frettabladid.is

**ALÞINGI** Birgir Þórarinsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram þingsályktunartillögu er varðar skjaldarmerki á Alþingishúsinu. Hann vill sjá tvö skjaldarmerki sem prýddu Alþingishúsið á vígsludegi þess árið 1881 aftur á húsinu.

Umrædd merki sýna annars vegar hinn krýnda þorsk Íslands og hins vegar hin krýndu ljón Danmerkur.

Í greinargerð um málið segir: „... markmiðið með tillögunni er að færa framhlið hússins í upprunalegt horf og halda í heiðri eigin sögu, sem mikilvægt er og skylt að varðveita.“

Umrædd merki yrðu hvort sínum megin við svalaglugga Alþingishússins. ■

# Sumarhús Gylfa í Grímsnesi verður ekki sett á uppboð

Fréttir um fyrirhugað uppboð á bústað Gylfa Þórs Sigurðssonar komu föður hans, Sigurði Aðalsteinssyni, spánskt fyrir sjónir enda hefur Gylfi ekki greitt skatta á Íslandi síðan 2006. Sigurður er allt annað en hrifinn af aðförum skattsins í málinu og segir málið vera einn stóran misskilning.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta eru einhver mistök hjá sýslumanni og skattinum. Það er ekkert uppboð að fara fram,“ segir Sigurður Aðalsteinsson, faðir Gylfa Þórs Sigurðssonar, en fréttir birtust um helgina um að skatturinn ætlaði að bjóða upp sumarhús Gylfa í Grímsnes- og Grafningshreppi og áætlað var að það færi fram á fimmtudag.

Sigurður, sem staddur er á Spáni, trúði ekki sínum eigin augum þegar hann sá fréttirnar um málið og viðurkennir í léttum dúr að fréttin hafi komið sér spánskt fyrir sjónir.

„Gylfi er búinn að vera búsettur í Englandi síðan 2006 og hann skuldar skattinum enga peninga. Hann borgar sína skatta í Englandi.

Það getur vel verið að þetta sé einhver áætlun hjá skattinum og það er verið að leiðrétta þetta ef það er ekki þegar búið,“ segir Sigurður.

Hann gat ómögulega sagt til um á hvaða vegferð skatturinn væri enda hefði Gylfi verið búsettur erlendis í hartnær 16 ár og fjölskyldan kannaðist ekkert við að hafa fengið eitthvað frá skattinum. „Það var ekki haft samband við fjölskylduna og ekki einn né neinn.

Það tekur greinilega svolítinn tíma að kippa svona hlutum út og ég er ekki viss að skatturinn hafi beðið um uppboð. Ég er ekki einu sinni viss að það hafi verið rétt að þessu staðið þó ég ætli ekki að fullyrða um það,“ segir Sigurður sem er allt annað en ánægður með aðfarirnar.



Bústaður Gylfa Þórs Sigurðssonar verður ekki boðinn upp hjá sýslumanni Suðurlands að sögn föður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„

Þetta er ekki alveg eins og þetta á að vera. Mér finnst skatturinn hafa farið offari í þessu máli.



Sigurður Aðalsteinsson, faðir Gylfa Þórs Sigurðssonar

„Þetta er ekki alveg eins og þetta á að vera. Mér finnst skatturinn hafa farið offari í þessu máli. Þetta verður ekkert mál en það þarf bara að leiðrétta þetta,“ segir Sigurður.

Gylfi Þór er í farbanni í Bretlandi þar til um miðjan apríl en hann sætir þar rannsókn vegna gruns um að hafa brotið kynferðislega á ungmenni. Hann var handtekinn í júlí á síðasta ári og húsleit gerð á heimili hans. Gylfa Þór var svo sleppt gegn tryggingu og hefur hann verið í farbanni síðan.

Fyrir handtökuna spilaði hann með enska liðinu Everton en liðið hefur gefið út að hann muni ekki spila aftur með því fyrr en rannsókn lögreglu lýkur. ■

Efling-stéttarfélag
boðar til félagsfundar

Föstudaginn 1. apríl, kl. 18:00 í Félagsheimili Eflingar, Guðrúnartúni 1, 4. hæð.

Dagskrá:

1. Tillögur að lagabreytingum
2. Önnur mál

Allir félagar velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Félagar eru beðnir að skrá sig á fundinn á www.efling.is

Boðið verður upp á léttar veitingar.

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500






**Sama hver verkefnin eru þá er Toyota Proace til staðar fyrir þig.**

Amstri dagsins fylgja ýmsar áskoranir. Hvort sem þú ert að leita að styrk og burðargetu eða mýkt og lipurð fyrir fólksflutninga, þá er Toyota Proace bíll sem hentar þínum þörfum.

Toyota Proace er traustur, öflugur og fjölhæfur bíll, fáanlegur í ýmsum stærðum og gerðum. Þú hefur val um orkugjafa, lengd, yfirbyggingu og stærð hleðslurýmis, allt eftir því hvað hentar þinni starfsemi. Vinnuaðstaða bílstjórans er snjöll og þægileg og bíllinn er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði sem tryggir öryggi þitt í vinnunni.

**Allar gerðir Proace koma með 7 ára (3+4) ábyrgð og þeim fylgir 3 ára þjónusta.**
Skoðaðu nánar á toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| 570 5070 | 460 4300 | 420 6600 | 480 8000 |

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Íbúar úthverfa vilja flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni

adalheidur@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Tæp 50 prósent Reykvíkinga vilja að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni en 37 prósent eru því andvíg, ef marka má niðurstöður könnunar sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið.

Stuðningur við að flugvöllurinn verði áfram á sínum stað vex með hærri aldri og meðal þeirra sem eru 65 ára og eldri eru 64 prósent sammála því að völlurinn eigi að vera




áfram í Vatnsmýri en aðeins 27 prósent andvíg. Mun minni stuðningur er við veru flugvallarins í Vatnsmýri í þremur yngstu aldurshópunum.

Í hverfum borgarinnar eykst stuðningur við veru flugvallarins í Vatnsmýri mjög eftir því sem fjarlægð frá Vatnsmýrinni eykst. Þannig er minnstur stuðningur við flugvöllinn meðal íbúa sem búa í póstnúmerunum 101, 102, 103, 105 og 107. Stuðningur við að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri er mestur í Breiðholti og Grafarvogi.

**»** Stuðningurinn er mestur í Breiðholti og Grafarvogi.

Líkt og í könnunum Fréttablaðsins að undanförnu á viðhorfum kjósenda flokkanna til Borgarlínu og þéttingar byggðar, eru skörp skil milli kjósenda þeirra flokka sem nú mynda meirihluta í Reykjavík og þeirra flokka sem standa utan meirihlutans. Kjósendur meirihlutaflokkanna eru þannig mun líklegri til að vilja flugvöllinn úr Vatnsmýri en kjósendur þeirra flokka sem standa utan meirihlutans. ■



Laun íslensks heilbrigðisstarfsfólks eru í 5. sæti í álfunni.

## Launakostnaður á Íslandi sá þriðji hæsti í álfunni

kristinnhaukur@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Launakostnaður á Íslandi er sá þriðji hæsti í Evrópu samkvæmt nýjum tölum Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins. Að meðaltali er kostnaðurinn 43,3 evrur á klukkutímann, eða 6.153 krónur.

Noregur trónir á toppinum með 51,1 evru og í öðru sæti er Danmörk. Önnur lönd sem eru nálægt Íslandi í kostnaði eru Benelux-löndin, Svíþjóð og Frakkland. Á botninum á ESB- og EES-svæðinu er Búlgaría, þar sem kostnaðurinn er aðeins 7 evrur, eða 1.002 krónur.

Í flestum greinum atvinnulífsins er Ísland í 2. til 4. sæti á launalistanum. Í einstaka greinum er Ísland þó ekki jafn framarlega. Má þar nefna kennara, starfsfólk orkuveitufyrirtækja og starfsfólk fjármála- og tryggingafyrirtækja sem eru í 7. til 8. sæti í álfunni.

Launakostnaður á Íslandi hefur hækkað mjög mikið á undanförnum áratug. Árið 2012 var Ísland aðeins í 15. sæti í álfunni, á eftir flestum ríkjum Vestur-Evrópu. Staða Íslands hefur hins vegar haldist nokkuð stöðug síðan árið 2017. ■

# Gjaldskrá Íslandspósts er ólögleg miðað við skriflegt svar ráðuneytis

Innviðaráðuneytið viðurkennir að lög um póstþjónustu séu í fullu gildi og þar með sú grein þeirra sem bannar undirverðlagningu á alþjónustu.

kristinnhaukur@frettabladid.is




Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fyrirtæki í samkeppni við Íslandspóst hafi kært ákvörðun Byggðastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐSKIPTI** Í skriflegu svari innviðaráðuneytisins við spurningu Fréttablaðsins um virkni 3. mgr. 17. gr. póstlaga nr. 98/2019 segir að vangaveltur ráðuneytisins á síðasta ári í svari til Morgunblaðsins um „virkni“ hennar hafi mátt rekja til þágildandi 2. mgr. 17. gr. sömu laga.

2. mgr. kvað á um sama verð á alþjónustu með bæði bréf og pakka um allt land. Samkvæmt svari ráðuneytisins var það með vangaveltur um samspil 2. mgr. við 3. mgr. 17. gr. sem er orðrétt:

„Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.“

Í svarinu er vísað til þess að ráðuneytið hafi leiðrétt að það teldi vafa leika á virkni 3. mgr. 17. gr. og er þar vísað til bréfs ráðuneytisins til Félags atvinnurekenda 26. mars 2021 þar sem segir:

„Ef svar ráðuneytisins til Morgunblaðsins er lesið í heild og í samhengi kemur í ljós að ekki er um að ræða afstöðu ráðuneytisins til þess hvort 3. mgr. sé að öllu leyti virk.“

Í niðurlagi svars ráðuneytisins til Fréttablaðsins segir orðrétt: „... og eru ákvæði laga um póstþjónustu

**»** Um fjórðungur ríkisframlagsins var ólögmætur.

nr. 98/2019, sbr. lög nr. 76/2021, í fullu gildi.

Að ofangreindu er ljóst að ráðuneytið hefur aldrei talið neinn vafa leika á virkni 3. mgr. 17. gr. laganna, enda eru lagaákvæði gildandi laga virk þar til Alþingi fellir þau úr gildi eða breytir.

Með þessu viðurkennir innviðaráðuneytið að lækkun gjaldskrár Íslandspósts fyrir pakkasendingar sem tók gildi í byrjun árs 2020 og leiddi til taprekstrs á þeirri þjónustu brýtur gegn virkri 3. mgr. 17. gr. póstlaga, sem kveður á um að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita hana að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Athyglisvert er að enginn kannast við að hafa tekið ákvörðun um ofangreinda lækkun gjaldskrár fyrir pakkasendingar. Bjarni Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Íslandspósts og núverandi þingmaður og formaður utanríkismálanefndar Alþingis, benti á Birgi Jónsson, þáverandi forstjóra, sem aftók það með öllu, enda er það stjórnin sem fer með vald til að ákveða gjaldskrá – innan ramma laganna.

Þar sem gjaldskrárlækkun alþjónustu Íslandspósts sem tók gildi í ársbyrjun 2020 var ólögleg er ljóst að ríkisframlag til Íslandspósts upp á 260 milljónir fyrir árin 2020 og 2021 vegna þeirrar lækkunar stenst ekki lög.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fyrirtæki í samkeppni við Íslandspóst hafi kært ákvörðun Byggðastofnunar, Á-1/2022, um 132 milljóna framlag til Íslandspósts vegna reksturs á árinu 2021 á grundvelli kvaðar um sömu gjaldskrá um allt land til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Rökin eru ólögmæti undirverðlagningar sem brjóti í bága við 3. mgr. 17. gr. póstlaga. ■




FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.
Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:
32” 255/75R17 - 199.000 kr.
33,5” 285/60R20 - 199.000 kr.
33” 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:
28” 235/55R18 - 59.900 kr.
30” 265/60R18 - 69.960 kr.
33” 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.



ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00




ENNEMM / SÍA / NM009616

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Akstурslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægni rafbíla.

## Frábær í borginni og fullkominn í ferðalagið

Með nýrri hönnun, fullkomnari búnaði og meiri drægni er þessi frábæri rafdrifni borgarjeppi orðinn enn meira aðlaðandi. Komdu og reynsluaktu nýjum og endurbættum Hyundai KONA EV sem nú er einnig á betra verði en áður.

**Hyundai KONA EV Style. Verð 5.990.000 kr.**
**Drægni allt að 484 km***

**Skoðaðu nýjan KONA á hyundai.is.**

HYUNDAI

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

7 ÁRA Ábyrgð Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is



Af málþingi ÖBÍ um miðjan mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ríkið beri ábyrgð á þjónustunni

benediktarnar@frettabladid.is

**FÉLAGSMÁL** Yfir 40 prósent landsmanna telja að þjónusta við fatlað fólk eigi að vera að öllu eða mestöllu leyti á ábyrgð ríkisins.

Þetta kemur fram í könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ).

Málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríki til sveitarfélaga árið 2011. Í könnuninni var spurt:

» 21,3 prósent telja að sveitarfélögin eigi að fara með málefni fatlaðra.

Hvort telur þú að þjónusta við fatlað fólk eigi frekar að vera á ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga?

42,1 prósent þeirra sem tóku afstöðu telur að hún eigi að vera á ábyrgð ríkisins, 36,6 prósent til jafns á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga en 21,3 prósent telja að þjónustan eigi að vera á ábyrgð sveitarfélaga.

Bergþór Heimir Þórðarson, varaformaður ÖBÍ, kynnti niðurstöður könnunarinnar á fyrsta fundi fundarherferðar ÖBÍ og Þroskahjálpar sem hófst í gær.

Um netkönnun var að ræða og var úrtakið 1.644 einstaklingar af öllu landinu, átján ára og eldri. Svarhlutfall var 51,3 prósent. ■

# Loka Covid-göngudeildinni en álag er enn þá mikið á heilsugæslunni

Til stendur að loka Covid-göngudeild Landspítala fyrir páska. Enn er þó mikið álag á spítalanum og er því beint til almennings að hringja ekki á deildir spítalans í leit að upplýsingum um viðbrögð vegna Covid-19. Allt að 1.500 manns hafa hafa samband við símaver heilsugæslunnar daglega.

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Covid-göngudeild Landspítala verður lokað á næstu dögum. Samkvæmt upplýsingum frá Sólveigu Hólmfríði Sverrisdóttur, yfirmanni deildarinnar, verður henni lokað fyrir páska, jafnvel í lok þessarar viku.

„Það er orðið lítið um skoðanir þarna í Birkiborginni og við erum búin að loka símaverinu okkar og erum núna að fara að loka göngudeildinni,“ segir Sólveig og bætir við að með minni starfsemi og álagi á deildinni sé ekki forsvaranlegt að hafa þar starfsfólk, það geti nýst betur á öðrum deildum spítalans.

Í gærmorgun lágu 60 sjúklingar á Landspítala með Covid-19. Tveir voru á gjörgæslu, báðir í öndunarvél. Meðalaldur sjúklinga með Covid á spítalanum var í gær 73 ár.

Hólmfríður segir að enn sé mikið álag á Landspítalanum vegna Covid-19. Þó séu ekki allir þeir sem þar liggja inni með sjúkdóminn mikið veikir. „Það eru ekki allir sem liggja inni með Covid inniliggjandi vegna Covid. Margir koma vegna einhvers annars og margir voru líka inniliggjandi fyrir út af einhverju öðru,“ segir hún.

Á heimasíðu Landspítalans er því beint til almennings að hringja ekki á deildir spítalans í leit að upplýsingum um viðbrögð vegna Covid-19. Fólki er bent á að hafa samband við Læknavaktina og heilsugæsluna, einnig getur fólk haft samband í gegnum netspjall á Heilsuveru-vefnum.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir álagið á heilsugæsluna vegna Covid enn mikið. Á hverjum degi hafi um 1.300 til 1.500 einstaklingar samband. „Flestir sem hafa samband eru að leita ráða og eru ekki alvarlega veikir en það er alltaf einn og einn sem þarf þá að koma til okkar eða fá samband við lækni,“ segir Óskar.

Þá segir hann mikið að gera í öllum einingum heilsugæslunnar og hvetur fólk til að leita sér upplýsinga á vef Heilsuveru en hvetur þó einnig þau sem þurfi á aðstoð að halda til að hafa samband við heilsugæsluna. „Inni á Heilsuveru-vefnum eru miklar og greinargóðar upplýsingar sem gætu nýst fólki en þau sem þurfa frekari upplýsingar ættu endilega að hafa samband við okkur.“ ■




Í Covid-19 faraldrinum sem geisað hefur í rúm tvö ár hefur verið mikið álag á Covid-göngudeildinni, henni verður lokað fyrir páska. MYND/ÞÞ/LSH

” Flestir sem hafa samband eru að leita ráða og eru ekki alvarlega veikir.



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Hagnýt ráð til Covid-sjúklinga:**

- Drekka vel til að koma í veg fyrir þurrk.
- Fá góða hvíld.
- Taka hitalækkandi lyf, til dæmis Parasetamól.
- Liggja á hliðum eða sitja upprétt ef hósti er mikill en forðast að liggja á baki.
- Slímlosandi freyðitöflur sem fást í lyfjaverslunum geta hjálpað.
- Gott er að setjast upp á um það bil klukkutíma fresti og gera nokkrar öndunaræfingar, anda djúpt ofan í maga.

**Hvert skal leita?**

- Heilsugæslan – 513 1700
- Læknavaktin – 1700
- Heilsuvera.is


# Ársfundur 2022

**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag, þriðjudaginn 29. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.**

Útsending frá fundinum verður aðgengileg sjóðfélögum í beinu streymi gegnum mitt.live.is

**Dagskrá fundarins**

- Venjuleg ársfundarstörf, dagskrárliðir skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins.
- Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- Kynning tryggingastærðfræðings, tryggingafræðileg staða sameignardeildar LV og áhrif hækkandi lífaldurs á réttindakerfi og samþykktir sjóðsins.
- Önnur mál.

Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum og eru fundargögn aðgengileg á vef lífeyrissjóðsins.

Reykjavík, 25. febrúar 2022
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**
—
live.is




Jón Kaldal segir að hátt dánarhlutfall sé sjálfgefinn þáttur í fiskeldi í sjókvíum. MYND/ERLENDUR GÍSLASON

## Gríðarlegur laxadauði í febrúar

thorgrimur@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Laxadauði í sjókvíaeldi á Íslandsmiðum tók gríðarlegt stökk nú í febrúar. Fiskum í sjókvíum hefur fækkað stöðugt frá því í október í fyrra, en í þeim mánuði náði fjöldinn hápunkti og voru fiskarnir þá taldir um 20,3 milljónir. Í janúar hafði fiskunum fækkað verulega og voru aðeins um 16,7 milljónir lifandi samkvæmt talningum Matvælastofnunar (MAST). Mesta hrapið til þessa mældist í febrúarmánuði, en fiskunum fækkaði þá um rúma eina og hálfa milljón og voru eftirlifandi rúmar fimmtán milljónir. Samkvæmt tölum MAST námu afföll 4,5 prósentum í febrúar.

Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndarsjóðsins, kallar tölurnar „skuggalegar“ og bendir á að samanlagt hafi tæplega tvær milljónir fiska drepist í sjókvíum á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Til samanburðar bendir hann á að 2,9 milljónir hafi drepist allt árið í fyrra. Nú hafi næstum einn af hverjum fimm fiskum sem settir voru í kvíarnar árið 2021 drepist.

Jón bendir á að febrúarmánuður hafi þannig verið enn verri en „horrormánuðurinn“ júní 2021, þegar um 400 þúsund laxar drápust í íslenskum sjókvíum. Þá var þörungum kennt um afföllin en nú slæmu veðri. Jón tekur þessar skýringar ekki trúanlegar og segir þessa háu dánartíðni óaðskiljanlegan hluta kvíaeldisins.

„Það er ekki mat, heldur saga sjókvíaeldis þar sem það hefur verið stundað,“ segir Jón. „Það er saga mikils dauða eldisdýra. Sjókvíaeldisfyrirtækin gera bara ráð fyrir því í rekstrarplönum að hann geti farið upp í tuttugu prósent. Þetta var tilfellið á Íslandi í fyrra þar sem hlutfallið var átján prósent. Í Noregi var það 15,5 prósent og hafði aldrei verið svartara ástand. Þetta er bara hluti af þessum grimmdarlega verksmiðjubúskap.“ ■



# **Stafrænar lausnir** í öryggismálum

**TIL HAMINGJU MEÐ FORVARNAVERÐLAUN VÍS 2022**

Alvotech er fyrirmyndarfyrirtæki í forvörnum og öryggismálum. Því fylgir mikil ábyrgð að framleiða lyf og því eru öryggismál algjört forgangsatriði. Helsta áskorun fyrirtækisins í öryggismálum er ör vöxtur, fjölgun starfsstöðva og koma nýrra starfsmanna af ólíkum þjóðernum.

Með góðri skipulagningu, fræðslu og áherslu á mikilvægi stafrænna lausna í öryggismálum starfsmanna, s.s. aðgengi að atvikaskráningu, öryggisblöðum, öryggisfræðslu og þjálfunarefni, er Alvotech vel að þessum verðlaunum komið.

**Við erum stolt af samstarfinu við Alvotech og óskum starfsfólki fyrirtækisins innilega til hamingju!**

Nánar á vis.is

# Varsjá kraumar líkt og suðupottur

■Fréttablaðið í Póllandi



Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is



Sigtryggur Ari Jóhannsson
sigtryggur
@frettabladid.is

**Æ fleiri Pólverjum finnst ódýrt að kenna Pútín og fámennri hirð í kringum hann um ábyrgð á stríðinu. Spænskur sjálfboðaliði í Varsjá segir að innrásin sé orðin að stríði allrar Evrópu. Hert öryggi á Chopin-flugvellinum.**



Umferð flóttafólks er gríðarleg í Varsjá og flestir vilja snúa aftur til Úkraínu þegar kostur er á. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

Vaxandi spenna er meðal almennings í Póllandi um hvernig innrás Rússa í Úkraínu muni vinda fram. Borgarar í Varsjá, sem Fréttablaðið ræddi við á götum höfuðborgarinnar í gær, segja óþolandi að talað sé um rússnesku þjóðina líkt og þolanda vegna innrásarinnar. Svipuð skoðun kom einnig fram á útitónleikum til styrktar Úkraínu í höfuðborginni.

Pólverjar segja að Pútín verði ekki einum kennt um þann hryllilega harmleik sem nú hafi staðið yfir í rúman mánuð með mannfalli, örbirgð og eyðileggingu. Rússar verði sjálfir sem þjóð að axla ábyrgð á eigin þætti í stríðinu.

„Ég fyrirgef þeim ekki. Það þýðir ekkert að afsaka rússnesku þjóðina með því að það sé búið að breyta fjölmiðlalögum og heilaþvo almenning. Kannanir sýna að meirihluti Rússa styður þetta stríð,“ segir diplómat í Varsjá sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Öryggisvarsla hefur nú verið aukin á Chopin-alþjóðaflugvellinum í Varsjá. Vopnaðir öryggisverðir mega ekki lengur ferðast um flugstöðina einir heldur tveir eða fleiri saman. Að sögn öryggisvarðar sem Fréttablaðið ræddi við hafa verðirnir fengið þau skilaboð að halda fullri athygli. Þá voru lögreglumenn nokkuð áberandi í miðborg Varsjár í gær. Sendiherra Póllands á Íslandi sagði síðastliðinn laugardag í Fréttablaðinu að Pólverjar ættu allt eins von á að Pútín myndi ráðast inn í Pólland.

Íbúar Varsjár hafa nánast staðið saman sem einn maður í því að taka vel á móti úkraínska flóttafólkinu en merki eru nú sögð um harðari lífsbaráttu og jafnvel vaxandi ótta. Umferð flóttamanna um Varsjá á engan sinn líka. Flestir vilja snúa aftur til heimalandsins en með öllu er óljóst hvort fólkinu gefst kostur á því. Þær raddir eru farnar að heyrast að Úkraínubúar megi ekki taka yfir störf Pólverja.

Æ fleiri virðast hallast að þeirri skoðun að um alheimskrísu sé að ræða en ekki einangrað mál.

„Mér finnst þetta orðið að Evrópustríði vegna þess að það snertir okkur öll. Ég kom hingað til að reyna að hjálpa til. Ég veit að ég leysi ekki vandamálið en okkar hlutskipti er að gera líf flóttafólksins ögn bærilegra,“ sagði Maria Spinoza, frá Spáni, í samtali við blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins. Hún starfar sem sjálfboðaliði fyrir spænsk samtök sem hafa síðustu daga komið 2.000 Úkraínumönnum í skjól til Spánar.

Varsjá er því suðupottur mikilla tilfinninga þessa dagana, þar sem mannúð, gæska og samheldni takast á við ótta, reiði og vaxandi áhyggjur af framtíðinni. ■

> ” Mér finnst þetta orðið að Evrópustríði vegna þess að það snertir okkur öll.
>
> Maria Spinoza, frá Spáni




Grósku, föstudaginn 1. apríl kl. 14–15

Dagskrá

Verið velkomin
- Hildur Árnadóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu

Ávarp ráðherra
- Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Vatnaskil
- Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu

What the F—k just happened and what does that mean for how we do what we do!
- Lenny Stern, M&C Saatchi

Fundarstjóri
- Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins

Skráning á **islandsstofa.is**.
Fundurinn fer fram í Grósku, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík. Að fundi loknum verður boðið upp á léttar veitingar.

Íslandsstofa
Business Iceland

# Rússar hörfa til baka til að reyna aftur síðar að umkringja Kænugarð

arib@frettabladid.is

Rússneskar hersveitir undir stjórn hershöfðingjans Alexanders Tsjaíjko hafa hörfað frá Kænugarði aftur til Tsjernobíjl-svæðisins og yfir til Hvíta-Rússlands. Úkraínumenn hafa náð til baka hluta bæjarins Írpín. Búist er við því að menn Tsjaíjko snúi aftur yfir landamærin fljótlega til að gera aðra atlögu að því að umkringja Kænugarð. Aðrar rússneskar hersveitir halda sinni stöðu fyrir utan borgina.

Stjórnmálaskýrendur telja líklegt að Rússar vilji ná völdum í borginni til að skipta út ríkisstjórn Úkraínu. Níkolaí Patrúsjev, formaður öryggisráðs Rússlands, sagði við blaðamenn í gær að ríkisstjórnin í Kænugarði kæmi „aðgerðum í landinu“ ekkert við.

Aukin geislavirkni hefur mælst á Tsjernobíjl-svæðinu sem rekja má til rykagna af völdum aukinnar umferðar um geislamengaða svæðið. Úkraínumenn vara við sívaxandi hættu af mögulegum leka úr kjarnorkuverinu eftir því sem Rússar halda svæðinu lengur.

Hermenn Úkraínu gerðu gagnárás fyrir utan Súmíj og náðu til baka bænum Trostíjanets. Fyrir utan Karkív náðu þeir bænum Húsarívka á sitt vald.

Á Donbass-svæðinu náðu Úkraínumenn að stöðva árásir á bæina Popasna og Rubíshne.

Engin merki eru um að Rússar séu að búa sig undir að ganga á land nærri Odesa, rússnesk skip halda sig í mikilli fjarlægð til þess eins að hefta aðgang að Svartahafi.

Úkraínumenn halda enn miðborg Maríupol en borgin er alveg umkringd. Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, sagði að Rússar hefðu flutt meira en tvö þúsund börn frá borginni til Rússlands.

Innrás í Úkraínu – dagur 33




Heimildir: Institute for the Study of War, UK Ministry of Defence, Reuters © GRAPHIC NEWS

**564,9**

**milljarða dollara kostnaður hefur hlotist af stríðinu, að mati fjármálaráðuneytis Úkraínu.**

**6,5**

**milljónir Úkraínumanna eru á flótta innan landsins.**

Selenskíj gaf til kynna á sunnudag að Úkraína væri tilbúin að gefa eftir í friðarviðræðum, þar á meðal að skoða að hætta við umsókn að Atlantshafsbandalaginu og að landið yrði hlutlaust svæði. Rússar þyrftu þó sem fyrr að hörfa frá Donbas-svæðinu.

Mörg dæmi eru um að rússneskir hermenn hafi ráðist á og nauðgað konum á hernumdum svæðum Úkraínu. Maria Mesentseva, þingmaður Úkraínu, hefur lýst miklum áhyggjum af þessu. Í viðtali við Sky News vísaði hún sérstaklega í árás á konu í bænum Brovaríj austan við Kænugarð, var henni nauðgað fyrir framan barnið sitt.

Íríjna Venedíktova ríkissaksóknari sagði að búið væri að gefa út handtökuskipun á hendur hermanninum. Fleiri mál væru á hennar borði. Mesentseva hefur biðlað til landa Evrópu um aðstoð til að veita þolendum stuðning. ■




# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SPAÐANS!

# 16” Pizza

## af matseðli

# 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is




# Ást og ofbeldi



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Uppákoma á Óskarsverðlaunaathöfninni var heitasta umræðuefni samfélags- og fréttamiðla víða um heim í gær. Eftir Covid-takmarkanir síðustu ára var árleg Hollywood-sjálfshátíðin langþráð en litaðist töluvert af óskiljanlegu reiðikasti leikarans Will Smith sem í sjálfskipuðu hlutverki sínu sem verndari eiginkonu sinnar, Jada Pinkett Smith, veitti kynni kvöldsins, Chris Rock, kinnhest á miðju sviðinu.

Jada hefur tjáð sig um sjálfsofnæmissjúkdóm sem veldur því að hún hefur misst hárið. Fallega snoðuð ranghvolfdi hún augunum þegar Chris Rock kallaði nafn hennar og sagðist hlakka til að sjá framhald kvikmyndarinnar G.I. Jane. Með orðunum vísaði Chris augljóslega í hárleysi leikkonunnar en téð Jane er grjótharður, krúnurakaður kvenkyns meðlimur bandaríska sjóhersins sem leikkonan Demi Moore túlkaði í samnefndri kvikmynd.

Einhverjir verja framkomu Will og segja brandarann hafa verið ósmekklegan og sumu geri maður ekki grín að. Án þess að ætla niður þá slóð að ræða hvað megi og hvað megi ekki í gríni og benda á hið augljósa, að Chris Rock er þekktur fyrir svartan húmor en þó ráðinn í þetta stærsta gigg ársins, þá ætti öllum að vera ljóst að lélegum bröndurum sé ekki best svarað með löðrungum.

Heimsþekkt eiginkonan, sem sjálf hefur átt farsælan feril í bransanum, situr sár eftir í sæti sínu, á meðan maður hennar gengur fram sem sjálfskipaður verndari hennar og lemur manninn sem móðgaði hana, fyrir framan tugi milljóna vitna í beinni útsendingu. Það er ekkert annað en öskrandi birtingarmynd eitraðrar og skaðlegrar karlmennsku.

Will er ekki vísað út heldur stuttu síðar afhent ein stærstu verðlaun ársins sem besta leikara í aðalhlutverki. Sigurræða hans var tilfinningaríkog bað hann bæði Akademíuna og aðra tilnefnda afsökunar á framferði sínu. Hann skautaði þó fram hjá manninum sem hann beitti ofbeldi, fyrir framan milljónir, þar sem hann stóð á sviði og vann vinnu sína, og þurfti að gera áfram út kvöldið, líklega í miklu áfalli. Og ekki bað hann elskaða eiginkonu sína forláts. Tárvotur skýrði Will hegðun sína: „Ástin fær mann til að gera klikkaða hluti.“

Þolendur ofbeldis hafa margir fengið að heyra slíkar skýringar: „Ég gerði þetta eða hitt út af ást,“ en það er ekki ást sem fær fólk til að grípa til ofbeldis. Að afsaka slíka hegðun með því að þú sért að vernda fjölskyldu þína, eins og Will gerði arfaslaka tilraun til, er einfaldlega áframhald á ofbeldinu.

Fyrir beitingu ofbeldis eru margar ástæður og fáar afsakanir en ást er ekki ein þeirra. ■

> Fyrir beitingu ofbeldis eru margar ástæður og fáar afsakanir en ást er ekki ein þeirra.




## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Að vera með**

Alveg er það dásamlegt að fylgjast með umræðu þeirra stjórnmálamanna sem harðast berjast gegn Evrópusambandinu hampa öllum gildum þess í hvívetna í umræðunni um Pútín-árásina á Úkraínu. Fara þar fremstir í flokki Sjálfstæðismenn, fyrir nú utan þá fáu Miðflokksmenn sem enn hafa ekki sameinast íhaldinu, en þaðan tala menn eins og dýrkendur Evrópuhugsjónarinnar í einu orðinu en ærast í hinu yfir tilhugsuninni um inngöngu. Ástin á lýðræði, markaðsfrelsi, réttarríki og mannréttindum skal með öðrum orðum vera jafn samtakalaus og hún þarf að vera einangruð við hvert ríki fyrir sig. Þetta heitir að játa ástina en neita hjónabandinu.

**Og á móti**

En svo er aftur á móti alveg gráupplagt að beita einhverjum allt öðrum rökum gagnvart Atlantshafsbandalaginu, sennilega vegna þess að það er í einhverri allt annarri götu í Brussel og vafalaust í miklu betra póstnúmeri. Þá má bæði hafa hugsjónina og vera í bandalagi um hana. Auðvitað. Og gott ef það segir sig ekki sjálft. Rétt eins og enn ein birtingarmynd á þessum fáránleika öllum sem felst í því hvaða manneskju sömu flokkar tefla fram á síendurteknum Nató-fundum, en það er Nató-andstæðingurinn Katrín Jakobsdóttir. ■

# Endómetríósa: ekki bara slæmir túrverkir



Þórunn Sveinbjarnardóttir
þingkona og endókona

Samtök um endómetríósu stóðu í gær fyrir gagnmerkri ráðstefnu sem bar yfirskriftina Endó – ekki bara slæmir túrverkir: Ákall einstaklinga með endómetríósu eftir skilvirkari þjónustu. Endómetríósa er sjúkdómur sem að minnsta kosti 10% einstaklinga sem fæðast í kvenlíkama geta fengið. Lækning hefur ekki fundist en sjúkdómurinn getur valdið miklum og langvarandi þjáningum en einkenni eru mismunandi á milli einstaklinga. Það tekur að meðaltali 5-7 ár að greina endó.

Á ráðstefnunni í gær héldu sérfræðingar í fremstu röð erindi um birtingarmyndir sjúkdómsins og leitina að lækningu. Þar sögðu endókonur einnig frá samskiptum sínum við heilbrigðiskerfið. Því miður eru allt of mörg dæmi um skort á skilningi og þjónustu þegar endókonur leita sér lækninga. Viðþolslausar af verkjum þurfa þær oftar en ekki að fara á bráðamóttökuna og eru sendar heim með sterk verkjalyf. Lyfin lina þjáningarnar í stuttan tíma en annað breytist ekki.

Gleðilegri saga var sögð af konu sem fór í aðgerð hjá kvenlækni í Búkarest á síðasta ári. Hún hafði verið óvinnufær og á örorku í meira en áratug. Aðgerðin bar þann árangur að hún hefur öðlast starfsgetu aftur og farin að vinna úti. Ekki þarf að hafa mörg orð um bætt lífsgæði hennar.

Skurðaðgerðir á endókonum krefjast sérhæfingar og samvinnu sérfræðinga á mörgum sviðum heilbrigðisþjónustu. Miklu skiptir að sérhæft endóteymi hafi verið sett á fót á Landspítalanum og það hefur hjálpað mörgum konum en biðlistinn er langur og ekki auðsótt að komast á hann.

Það er dapurlegt og í raun óþolandi að heyra aftur og aftur sömu söguna frá stúlkum og konum á barneignaraldri sem leita til heilbrigðiskerfisins vegna endó-einkenna en fá hvorki hlustun né þjónustu við hæfi. Þetta verður að breytast og heilbrigðisstarfsfólk að vakna til vitundar um sjúkdóminn. Endó er nefnilega allt annað og miklu meira en slæmir túrverkir. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þjóðarviljinn er lýðræðið sjálft

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir
þingmaður Viðreisnar

Það er af ástæðu sem lagt hefur verið til á Alþingi að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Ástæðan er annars vegar sú að heimsmyndin hefur breyst vegna stríðsins í Úkraínu og hins vegar vegna þess að í lýðræðisþjóðfélagi er rétt að spyrja þjóðina álits um slíka grundvallarákvörðun. Málið er þess eðlis að spyrja þarf þjóðina álits.

Það hefur ríkt mikill samhugur á Alþingi um eindreginn stuðning við málstað Úkraínu, um mikilvægi refsiaðgerða gagnvart Rússlandi og um það að liðsinna eigi fólki í Úkraínu á allan þann hátt sem okkur er unnt. Það þarf jafnframt í kjölfarið að ræða hvaða áhrif hin breytta staða hefur fyrir Evrópu og Ísland.

Allir flokkar eiga þess vegna að sameinast um að fram fari samtal um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu. Það er vont þegar forsætisráðherra talar eins og þetta samtal sé bundið við þingið. Forsætisráðherra hefur tekið sér það hlutverk að reisa girðingu milli þings og þjóðar, með ummælum sínum um að þingmeirihluta þurfi til að þjóðin megi segja sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin ætti með réttu að taka þessa ákvörðun. Þegar rætt er um þjóðarvilja verður að hafa í huga að þar er um að ræða einn kjarna lýðræðishugsjóna okkar.

**Samtal um grundvallarhagsmuni**
Þegar ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lagði fram tillögu um að draga aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka í byrjun árs 2014 vakti það gríðarlega hörð viðbrögð almennings í landinu. Það sást ekki síst á því að 53.555 manns skrifuðu undir áskorun þess efnis að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræðurnar. Reiði þjóðarinnar stafaði af því að hún skildi að þarna var ákvörðunarvald um algjört grundvallarmál tekið af henni. Ráðherrar tala um þjóðarviljann sem aðrir kalla einfaldlega lýðræði.

Sterk rök hníga nú að því að Ísland taki afstöðu til aðildar að Evrópusambandinu vegna nýs veruleika í varnar- og öryggismálum og hlutverks Evrópusambandsins í þeim efnum. Samtal um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar verður að fá að fara fram og þjóðaratkvæðagreiðsla er sérstaklega vel til þess fallin að þroska og dýpka umræðuna um stöðu Íslands og hagsmuni landsins gagnvart Evrópusamvinnunni.

Þess vegna er nauðsynlegt að þingsályktunartillagan verði afgreidd svo hægt verði að halda þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir árslok 2022.

**Öryggi Evrópu er ógnað**
Alþjóðleg samvinna innan Evrópusambandsins, með fullri aðild Íslands, hefur sjaldan átt meira erindi við íslenskt samfélag. Viðbrögð Evrópu allrar við innrás Rússlands í Úkraínu bera þess sterkt merki. Það sjáum við til að mynda á því þegar Evrópusambandið tilkynnti um fyrirhugaða vopnaflutninga til Úkraínu. Það er í fyrsta sinn í sögu sambandsins sem slík ákvörðun er tekin. Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði þá ákvörðun marka vatnaskil í baráttunni við Rússland.

Þessar nýju áskoranir færa okkur sannleikann um brýna og sífellt vaxandi þörf lýðræðisþjóða fyrir samvinnu, sem snýr að öryggi og hervörnum en ekki síður að grunngildum þeirra; samvinnu um frelsi, lýðræði, viðskipti og efnahag. Það er af þessari ástæðu að meirihluti Finna er nú í fyrsta sinn hlynntur NATO-aðild. Það er af þessari ástæðu að helmingur Íslendinga er nú hlynntur aðild að Evrópusambandinu en bara þriðjungur andvígur. Hagsmunum fámenns ríkis er best borgið í náinni samvinnu og auknu samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir, fremur en að standa fyrir utan.

Evrópusambandið var stofnað svo að ríki þess gætu staðið saman að friði. Nú er þessum gildum ógnað og baráttan fyrir lýðræði, frelsi og friði er hafin. Það mun styrkja fullveldi Íslands en ekki veikja að vera á meðal Evrópusambandsríkja.

**Opin umræða um kosti og galla mikilvæg**
Breytt heimsmynd hefur framkallað viðhorfsbreytingar hjá þjóðinni. Opin og beinskeytt umræða um pólitíska og efnahagslega stöðu Íslands í Evrópu er okkur öllum mikilvæg. Varnar- og öryggismál munu fá stærra hlutverk í Evrópusamvinnunni vegna innrásarinnar í Úkraínu. Ísland getur styrkt áhrifastöðu sína og eflt rödd sína með því að sækjast eftir sæti við borðið í Evrópu rétt eins og í Atlantshafsbandalaginu. Mikilvægt er að þessi rökræða um breytta heimsmynd og kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu fái að fara fram og fái að ljúka með þjóðaratkvæðagreiðslu. Engin skref verða tekin fyrr en þjóðin hefur tekið ákvörðun þar um. ■





## Opin hús vegna mats á umhverfisáhrifum

Fram undan eru opin hús þar sem lagðar verða fram upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum vegna Blöndulínu 3, sem mun liggja milli Blöndustöðvar og Akureyrar.

Línuleiðin er innan fimm sveitarfélaga, Akureyrarbæjar, Hörgársveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin hefur einnig þýðingu fyrir flutningskerfi landsins í heild þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðum Skipulagsstofnunar, Landsnets og Mannvits frá 25. mars til 13. maí 2022. Að auki liggur umhverfismatsskýrslan frammi til kynningar frá 29. mars á eftirtöldum stöðum:

Í ráðhúsi Akureyrarbæjar, á skrifstofum Hörgársveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps og hjá Skipulagsstofnun.

Öllum er velkomið að koma á framfæri umsögnum um umhverfismatið og skal senda þær til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, eða á skipulag@skipulag.is.

## Hafðu áhrif – taktu þátt í samtalinu

**Opnir fundir**

**Akureyri, Hótel KEA**
miðvikudaginn 30. mars 19.30 – 21.30

**Varmahlíð Skagafirði, Menningarhúsinu Miðgarði**
fimmtudaginn 31. mars 16.30 – 19.30

**Reykjavík, Veitingastaðnum Nauthól**
þriðjudaginn 26. apríl 16.00 – 18.30

**Verið velkomin**

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET

# Frönskukunnátta er mikill fengur í lífinu, ekki síst atvinnulífinu



**Unnur Orradóttir**
sendiherra Íslands í Frakklandi

> Kunnátta í frönsku veitir aðgang að mjög ríkulegri og fjölbreyttri menningu þar sem hún er töluð af um það bil 300 milljónum manna um heim allan.

Tuttugasta mars ár hvert er Alþjóðadagur franskrar tungu haldinn hátíðlegur víðast hvar í heiminum og í vikunni í kringum þessa dagsetningu eru haldnir alls konar viðburðir til þess að heiðra franska tungu og franska menningu.

Af þessu tilefni langar mig til þess að segja ykkur frá því hvaða merkingu franskan hefur í lífi okkar og störfum á degi hverjum.

Franska er ómissandi verkfæri við mína vinnu og hún gerir mér kleift að eiga náin samskipti við frönskumælandi fastanefndir innan UNESCO.

En það er ekki allt og sumt. Kunnátta í frönsku veitir aðgang að mjög ríkulegri og fjölbreyttri menningu þar sem hún er töluð af um það bil 300 milljónum manna um heim allan samkvæmt tölum frá Alþjóðasamtökunum La Francophonie. Hún er til staðar í öllum heimsálfum. Á nokkrum áratugum mun þessi tala tvöfaldast vegna fólksfjölgunar í 26 frönskumælandi Afríkuríkjum.

Jafnvel þó að íslenskar ræðisskrifstofur eða sendiráð séu fá í afrískum frönskumælandi löndum þá er franska tungumálið notað í sex íslenskum sendiráðum eða fastanefndum af þeim 25 sem til eru: Í París, Brussel, Genf, Strassborg, Ottawa og jafnvel í New York. Sem er jafn mikill fjöldi sendiráða og ræðisskrifstofa og þar sem norræn tungumál eru töluð. Það er augljóst að við þurfum fleiri frönskumælandi Íslendinga í íslenskri utanríkisþjónustu. Þekking á frönsku tungumáli er nauðsynleg eða að minnsta kosti verulegur kostur fyrir alla þá sem vilja starfa í utanríkisþjónustunni eða hafa áhuga á því að starfa fyrir alþjóðastofnanir, eða við þróunar- eða mannúðaraðstoð.

Heimurinn sem við lifum og hrærumst í er svo mikið stærri en bara hinn enskumælandi heimur. Þegar maður ferðast í raunheimum áttar maður sig fljótt á þessu. Ég á við að frá Íslandi séð og í gegnum internetið mætti halda að nóg væri að kunna ensku. Þetta er rangt og er hættulegt menningu okkar og þróun að hugsa á þennan máta.

Það hefur meira að segja verið sýnt fram á að mörg viðskiptatækifæri glatast vegna skorts á tungumálakunnáttu. Ég tók eftir þessu í fyrrum stöðu minni sem viðskiptafulltrúi við íslenska sendiráðið í París. Hversu oft hef ég heyrt Íslendinga segja að þeir hafi ekki leitað að viðskiptasamböndum í Frakklandi vegna skorts á frönskukunnáttu. Þetta hlýtur að útskýra hvers vegna svo margir evrópskir milliliðir sjá um viðskipti landa okkar tveggja á milli. Og það sama gildir um vísindasamvinnu. Svo mörg samskipti sem hefðu getað átt sér stað!

Að lokum langar mig til þess að segja Íslendingum frá kærkominni nýjung: Rafrænu orðabókinni Lexíu sem þýðir af íslensku yfir á frönsku, gerð að tilstuðlan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Árnastofnunar og kom á markaðinn í júní 2021 og er öllum aðgengileg ókeypis á netinu. Þegar ég var í viðskiptanámi í Frakklandi fyrir margt löngu átti ég enga nothæfa orðabók. Ég var með fjórar enskar orðabækur á skrifborðinu mínu í staðinn! En mér þótti það miður og bjó því til mína eigin orðabók sem var nokkuð tímafrekt. Börnin mín hefðu líka þurft á slíkri orðabók að halda þegar við fluttum til Íslands. Ég geri mér því vel grein fyrir mikilvægi og gildi Lexíu. Ég vona að þessi nýja orðabók muni einnig hjálpa þeim fjölmörgu frönskumælandi manneskjum sem vilja læra íslensku eða bæta þekkingu sína á tungumálinu okkar. ■




# Má nú manninn reyna



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Stjórnmálaflokkar og leiðtogar landsins hafa lofað landsmönnum því, og það í bak og fyrir, að þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram, fyrst, um það, hvort ljúka ætti þeim ESB-aðildar samningaviðræðum, sem hófust 2010, en enduðu án niðurstöðu í marz 2015, og, svo, þegar búið væri að semja og knýja fram beztu lausnir, yrði þjóðin aftur spurð um samningsniðurstöðuna, hvort af aðild skyldi verða, á þeim grunni, eður ei.

Þó að við séum nú þegar 80-90% í ESB, í gegnum EES-samninginn og aðild að Schengen-samkomulaginu, er möguleg full og formleg aðild feykilega stórt mál fyrir okkur, vegna þess, að fyrst með fullri aðild fengjum við setu við borðið, aðstöðu til áhrifa og valda innan sambandsins, með okkar eigin framkvæmdastjóra, kommissar, eins og hin aðildarríkin, nú 27 – hvert, fjölmennt eða fámennt, hefur bara einn – síðan fengjum við 6 þingmenn á Evrópuþingið, fulltrúa í öll ráð og allar nefndir sambandsins, og, það, sem mest er, í raun alveg afgerandi, við fengjum fullt neitunarvald til móts við alla aðra, hvað varðar alla veigamikla stefnumótun og allar stærri ákvarðanir ríkjasambandsins.

Neitunarvaldið nær til þessara sjö veigamiklu málaflokka:

- Skattlagning
- Fjárhagsáætlanir og fjármálaskuldbindingar
- Félagsleg vernd og öryggi almennings
- Samningar og ákvarðanir um upptöku nýrra aðildarríkja
- Öryggis- og varnarmál
- Samskipti og samningar ESB við önnur ríki
- Sameiginleg löggæzla sambandsríkjanna.

Ekkert mál í þessum þýðingarmiklu málaflokkum getur farið í gegn eða hlotið samþykki til framkvæmdar, nema öll aðildarríkin, og, þá, líka við, ef við værum orðnir aðilar, myndum samþykkja. Með þessu fengjum við í hendur gífurlega mikið áhrifavald á gang mála og þróun sambandsins.

Þessu neitunarvaldi er heldur ekki hægt að breyta, hvað þá að draga úr því eða fella það niður, nema að öll aðildarríkin samþykki það.

Varðandi allar helztu valdastöður í ESB, þá ræður einstaklingurinn, hæfni hans og geta, en ekki þjóðin eða stærð hennar, sem að baki stendur. Frá 2004 til 2014, var t.a.m. José Manuael Barroso, frá Portúgal, 10 milljón manna þjóð, forseti framkvæmdastjórnarinnar, og næstu fimm ár þar á eftir, til 2019, var Jean-Claude Juncker, frá Lúxumborg, annars minnsta aðildarríkisins, forseti hennar.

Allt tal um, að stóru ríkin ráði öllu í ESB, er því staðlausir stafir. Með fullri aðild fengjum við stórfelldan aðgang að áhrifum og völdum, en í dag, þó að við séum með EES-samninginn og aðild að Schengen-samkomulaginu, höfum við engan aðgang til áhrifa eða valda, nema þó eitthvað í Schengen, engan í ESB, af því að við sitjum einfaldlega ekki við borðið.

Án aðildar er okkur úthýst frá umræðum og ákvarðanatöku, en samt samþykktum við, að undirgangast reglugerðir og lög sambandsins, sem reyndar eru þó, Guði sé lof, flestar eða allar af hinu góða, án þess, að okkur leyfðist svo mikið sem hósti eða stuna.

Vert er hér líka, að minna á, að hlutur kvenna í ESB er mikill, nú á tímum jafnréttis og kvenréttis, en nýlega var Roberta Metsola, 43 ára lögfræðingur frá hinu smáríkinu í ESB, Möltu, kjörin forseti Evrópuþingsins, en fyrir var Ursula von der Leyen forseti framkvæmdastjórnarinnar og Christine Lagarde forseti Evrópska Seðlabankans.

Í nýlegum Þjóðarpúlsi Gallup kom fram, að 60% þeirra landsmanna, sem afstöðu tóku, eru hlynntir fullri aðild að ESB. Margir, sem verið höfðu tvístígandi, áttuðu sig loks á mikilvægi fullrar og órjúfandi samstöðu hinna vestrænu ríkja álfunnar, viðskiptalega, efnahagslega, menningarlega, siðferðislega og varnarlega, í ljósi árásarstríðs Pútíns.

Flestir skilja nú líka, að Evrópa verður í framtíðinni að geta staðið ein, óstudd og sterk á eigin fótum. Ekki verður til langframa á Bandaríkin treystandi, yfir víðfeðma Atlantsála, og þar gæti líka komið annar Trump, sem myndi ekki gefa mikið fyrir Evrópu. „America first“ gæti komið aftur og jafnvel í sterkari mynd. Þetta fólk skilur líka, að viðskiptalegur styrkur og slagkraftur mun í framtíðinni ekki verða þýðingarminni, en sá hernaðarlegi, og, að allt bendi til, að NATO muni renna inn í ESB, enda mest sömu ríkin í báðum ríkjasamböndum (fyrir utan Bandaríkin og Kanada, sem líklegt er, að myndi varnarbandalag með Mexíkó í framtíðinni, Norður Ameríku einni til varnar).

Auðvitað hugsa líka margir til þess, sem ég fjallaði um hér að ofan, að það er tími til kominn, að rödd okkar heyrist í Evrópu, líka til þess, að við fáum að fjalla um og velja okkar framtíðargjaldmiðil, en með upptöku evrunnar, sem ekki getur gerzt, nema með eða eftir aðild, gætum við tryggt okkur fjárhagslegt og efnahagslegt öryggi, stöðugleika og lágmarksvexti, sem við höfum aldrei þekkt eða notið, en mál er komið til, að við fengjum að njóta, til jafns við aðra Evrópubúa.

Undirritaður styður því af hug og hjarta þá þingsályktunartillögu, sem fram er komin, að efnt verði til þjóðaratkvæðis um það, hvort samningaumleitunum um ESB-aðild, sem strönduðu í marz 2015, verði framhaldið og þeim lokið, sem fyrst og bezt, eða ekki. Já eða nei til ESB-samningaumleitana og -loka.

Ef þjóðin kýs áframhald óskuldbindandi samningaumleitana, en hún á réttinn til að kjósa um þetta margfaldlega inni hjá stjórnmálamönnum og leiðtogum landsins, og, ef niðurstaðan verður já, verður svo auðvitað önnur þjóðaratkvæðisgreiðsla um þau samningsdrög, sem út úr samningunum koma.

Hér er auðvitað allt að vinna og engu að tapa, og finnst mér, að allir góðir menn, sem annt er um frelsi og lýðræði í landinu, með forsætisráðherra í broddi fylkingar, ættu að taka saman höndum um að tryggja þjóðaratkvæði um áframhald ESB-samningaumleitana hið allra fyrsta! Má nú manninn reyna, Katrínu Jakobsdóttur. ■

# Ópíóíðar



**Dr. Hrafn Óli Sigurðsson**
sérfræðingur í geðhjúkrun

> Ég vil skora á íslensk heilbrigðisyfirvöld að losa um höft á ávísun Buprenorphine og byrja meðferð strax á slysadeild og með eftirfylgni á heilsugæslunni innan nokkurra daga.

Um helgina var í blaðinu viðtal við þrítugan mann sem bíður eftir meðferð við ópíóíðamisnotkun. Í greininni kom fram að meðferð með viðhaldslyfjum er einungis hafin eftir innlögn á Vogi og bíða nú 750 manns eftir innlögn þar. Þetta er greinilega ófremdarástand og engin ástæða til að hafa stefnu sem takmarkar aðgang að meðferð á þennan hátt.

Buprenorphine/Naloxone (Suboxone) er nú viðurkennd fyrsta viðhaldslyfjameðferð við ópíóíðafíkn. Þetta lyf er öruggt í notkun og fyrri takmörkunum við ávísun þess hér í Bandaríkjunum hefur nú verið aflétt innan ákveðinna marka til að auka aðgengi að meðferð. Undanfarin 4 ár hef ég starfað í ráðgjafarteymi við eitt borgarsjúkrahúsanna í New York í hverfi þar sem ofskammtadauði vegna ópíóíða náði 75/100 þúsund íbúum árið 2020. Til samanburðar er tíðnin 10,1/100 á Íslandi fyrir sama ár. Hér í New York hefur nú verið ákveðið að hefja ávísun Buprenorphine strax á slysadeildinni með endurkomu á heilsugæslu eða læknastofu innan fárra daga til áframhaldandi meðferðar fyrir fólk sem kemur inn vegna ópíóíðamisnotkunar. Vonin er sú að með snöggum viðbrögðum muni nást að spyrna við þessum faraldri ótímabærra dauðsfalla af völdum ópíóíða. Heimilislæknum og öðrum sem hafa lyfjaávísunarréttindi (Physician Assistants og Nurse Practitioners) er nú heimilt að ávísa Buprenorphine til allt að 30 sjúkinga án sérstakrar þjálfunar og geta þessir sjúklingar leyst lyfið út í apóteki eins og hver önnur lyf. Þótt lyfið sé tilbúinn (synthetic) ópíóíði og eftirritunarskylt veitir það sérstakt öryggi vegna þess að það hefur mjög sterka bindigetu við Mu ópíóíðaviðtakann og er „partial agonist“ þannig að slævandi áhrif (þar með talin öndunarletjandi áhrif) koma ekki fram með hækkandi skammti eins og gerist þegar venjulegir ópíóíðar eru notaðir. Það virkar vel í lágum skömmtum. Þetta veldur því að fólk losnar við líkamlegu fráhvarfseinkennin, heldur skýrum huga og getur því einbeitt sér að því að ná tökum á lífinu aftur.

Ég vil skora á íslensk heilbrigðisyfirvöld að losa um höft á ávísun Buprenorphine og byrja meðferð strax á slysadeild og með eftirfylgni á heilsugæslunni innan nokkurra daga. Auðvitað eru sumir sem þurfa á innlögn að halda en margir geta hafið meðferð á göngudeild. Vitanlega þarf fólk svo jafnframt að eiga auðveldan aðgang að einstaklings- og hópmeðferð þar sem unnið er í sálfélagslegum þáttum vímuefnamisnotkunarinnar. Það er ekki ásættanlegt að fólk, notendurnir sjálfir og aðstandendur þeirra, kveljist án nokkurra úrræða meðan það bíður vikum eða mánuðum saman eftir innlögn á Vog þegar árangursrík meðferðarúrræði á göngudeild eru til. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 29. mars 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG

Skoðaðu palla-bæklinginn á husa.is




Skannaðu kóðann og skoðaðu bæklinginn



Garðahönnuðurinn Bjarnheiður Erlendsdóttir hefur mjög gaman af því að sjá um pallaráðgjöf fyrir Húsasmiðjuna og hefur gert það í mörg ár. MYND/AÐSEND

## Nýtur þess að láta drauma fólks rætast

Bjarnheiður Erlendsdóttir aðstoðar viðskiptavini Húsasmiðjunnar við að láta palladrauma sína rætast. Hún teiknar hugmyndir þeirra upp í þrívídd sem hjálpar þeim að átta sig betur á því hvernig pallurinn og skjólgirðingarnar munu líta út þegar smíðum verður lokið. 2

„Ég hef verið með pallaráðgjöf fyrir Húsasmiðjuna í mörg ár og þar hef ég því hlutverki að gegna að teikna upp og hanna palla og skjólgirðingar fyrir viðskiptavini á flott þrívíddarforrit. Vinnuskjánum mínum, sem ég nota til að teikna á, er varpað á stóran sjónvarpsskjá svo auðvelt er fyrir viðskiptavini að fylgjast með hönnuninni frá fyrsta striki til þess síðasta. Ég hlusta vel á hvað viðskiptavinina dreymir um í sambandi við pallana og skjólgirðingarnar og vinn út frá því eða leiðbeini á aðra braut ef það á við. Fólk getur pantað tíma hjá Húsasmiðjunni og mætir síðan til mín í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar, í Kjalarvogi, og situr með mér á meðan ég hanna og teikna og getur tekið fullan þátt í sköpuninni á draumapallinum. Ég er svona eins og vorboðinn, kem til Húsasmiðjunnar á vorin og flýg svo á braut á haustin,“ segir Bjarnheiður og brosir kankvís.

**Fjölbreytt úrval af timbri og nýir festingamöguleikar**

„Ég aðstoða líka fólk við efnisval, það er að velja timbur, breiddir og þess háttar. Húsasmiðjan býður upp á fjölbreytt úrval timburs fyrir pallinn allt frá hinni hefðbundnu og klassísku gagnvarinni furu til lerkis. Það nýjasta er hitameðhöndlað timbur, bæði fura og askur og svo eru auðvitað enn fleiri viðartegundir alltaf í boði eins og jatoba og bangkirai sem eru dýrari kostir en afskaplega falleg efni. Það hefur einnig færst í vöxt síðastliðin ár að fólk noti svokallaðar „faldar festingar“ við að skrúfa pallaklæðningar fastar sem þýðir að skrúfurnar sjást ekki. Þetta gefur pallinum gæðalegt útlit og viðurinn fær að njóta sín. Það er einnig aðdáunarvert að Húsasmiðjan hefur lagt mikla áherslu á að selja nánast eingöngu FSC-vottað timbur, sem þýðir að pallaefnið frá okkur kemur allt úr sjálfbærum skógum og er því alltaf umhverfisvænni kostur.“

**Eins og ljósmynd af tilbúnu verki**

„Ég bý yfir mikilli reynslu bæði í garðyrkju sem og í þrívíddarhönnun garða almennt. Ég er menntaður skrúðgarðyrkjufræðingur og hef starfað í þessum geira frá því 1986. Ég byrjaði sem flokkstjóri vinnuskóla og síðan yfirflokksstjóri og verkstjóri garðyrkjudeildar Hafnarfjarðar. Eftir það hélt ég til Reykjanesbæjar þar sem ég fékk stöðu garðyrkjustjóra, en var einnig forstöðumaður vinnuskólans þar og yfirmaður atvinnuátaks. Ég starfaði við þetta í mörg ár og stýrði framkvæmdum bæjarins í umhverfismálunum. Ég tók síðan þá ákvörðun að færa mig yfir í einkageirann og snúa mér alfarið að hönnun garða í heild sinni og hef verið í því síðan í kringum aldamótin síðustu, lengst af hjá Húsasmiðjunni og hefur það verið farsælt samstarf og pallarnir skipta nú þúsundum sem ég hef teiknað fyrir ánægða viðskiptavini.

Það skiptir miklu máli að geta boðið upp á teikningar í þrívídd. Margt fólk skilur illa tvívíðar teikningar á blaði, sér bara einhver strik og skynjar engar hæðir, til dæmis í skjólgirðingum og þess háttar. Í þrívíddinni er eins og búið sé að taka ljósmyndir af pöllum sem búið er að smíða,“ útskýrir Bjarnheiður. „Þetta er mjög skemmtileg vinna þar sem fólk er almennt mjög hrifið þegar það sér draumapallinn sinn rísa á skjánum hjá mér á augabragði, draum sem það hefur jafnvel gengið með í maganum í mörg ár en hefur ekki komið sér í verkið vegna þess að það hefur ekki vitað hvernig hann á að líta út. Markmiðið er að fólk fari frá mér og segi hvort við annað: „Já, svona á þetta að vera,“ og svífi fullt tilhlökkunar út á vit vorsins,“ segir Bjarnheiður og brosir við tilhugsunina.



Bjarnheiður segir að lýsing á skjólgirðingunum fyrir framan hús, þar sem hún lýsir mjúklega niður, geri aðkomuna að húsinu mjög hlýlega.



Útisturtur njóta vaxandi vinsælda og Húsasmiðjan var að taka í sölu gríðarlega fallegar ítalskar útisturtur frá Cristina sem þola íslenskt veðurfar.



Bjarnheiður segir að það skipti miklu máli að geta boðið upp á teikningar í þrívídd því margir skilji tvívíðar teikningar á blaði ekki vel.



Hægt er að nýta afgangsefni sem fellur til við gerð palla til þess að smíða til dæmis fallegt gróðurker á pallinn.



Bjarnheiður notar mikið Philips HUE snjalllýsingu, skemmtilegu ljósin sem hægt er að breyta um lit á.

**Getur leyst ýmis ólík vandamál**

Bjarnheiður segir það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að fólk kýs að fá þjónustu garðahönnuðar.

„Stundum koma pör eða hjón með mjög ólíka sýn á það hvar og hvernig pallar og skjólgirðingar eiga að vera og líta út, hvar á að staðsetja pottinn og þess háttar. Þá er ekkert skemmtilegra en að geta sætt þessi sjónarmið og báðir aðilar fara mjög sáttir í burtu,“ segir Bjarnheiður glaðlega. „Hæðarmismunur á það líka til að vefjast nokkuð fyrir fólki og þá kem ég sterk inn. Einnig er sumt fólk með mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig það vill hafa þetta allt saman en langar til að sjá þetta fyrir sér í þrívíddinni og athuga hvort þetta gangi ekki örugglega upp sem það er búið að hugsa og ekki síst vegna þess að það er svo mikilvægt að fá vel málsettar teikningar sem hægt er að afhenda smiðnum og enginn misskilningur verður á milli manna um það hvernig þetta á að verða.

Það er nokkuð stór pakki sem fólk fær sendan frá mér og venjulega daginn eftir að það hefur verið hjá mér. Grunnteikning vel málsett með lengdum og breiddum, hæðir skjólgirðinga og bekkja og fermetrafjöldi. Fjöldi sýna frá helstu sjónarhornum í PDF-skjölum og ég enda á því að útbúa myndband sem sýnir hönnunina í heild sinni. Þegar ég sendi fólki teikningarnar þá fá timbursöluráðgjafar í Húsasmiðjunni afrit af teikningum. Þeir fylgja mér eftir og senda á viðskiptavinina tilboð í allt efni pallsins, frá timbri, undirstöðum, skrúfum og öllu því sem til þarf í draumapallinn. Ef pottur fer á pallinn þá fær fólk einnig tilboð í hann ásamt stýrikerfinu sem honum fylgir. Hugmynd að lýsingu kemur líka og nota ég mikið Philips HUE snjalllýsingu, skemmtilegu ljósin sem hægt er að breyta um lit á með einföldu appi í símanum, rautt, gult, bleikt, öll litaflóran en getur verið „venjuleg“ lýsing þegar hún er valin. Húsasmiðjan var einna fyrst á markaðinn með HUE snjalllýsinguna og hafa margir nýtt sé þessa lausn fyrir garðinn og pallinn.

Svo er bara að rétta smiðunum teikningarnar og allt fer að gerast!“

**Útisturtur, kaldir pottar og útieldhús það nýjasta**

Bjarnheiður segir að það séu tískustraumar í garðahönnun eins og öðru. Pallaklæðningu og klæðningu fyrir skjólgirðingar er hægt að fá í mismunandi breiddum.

„Þegar kemur að skjólgirðingum þá var áður fyrr mjó lóðrétt klæðning allsráðandi en í dag er breiðari klæðning vinsælli, eða 120 mm og allt að 145 mm að breidd. Klæðningin er látin liggja lárétt og oft klædd utan á staurana svo þú sjáir þá aldrei,“ segir hún. „Oft eru smíðuð gróðurker utan við pallinn og skjólgirðingarnar úr staurefni 95x95. Gróðursettur frekar lágvaxinn gróður (með vatnskristöllum). Lýsing á skjólgirðingunum fyrir framan hús, þar sem hún lýsir mjúklega niður, gerir aðkomuna að húsinu mjög hlýlega.

Útieldhús, útisturtur og kaldir pottar eru komin mjög sterkt inn undanfarið. Húsasmiðjan var að taka í sölu Cristina, gríðarlega fallegar ítalskar útisturtur sem eru hannaðar til að vera úti við og þola veður og vind, að ekki sé nú talað um frostið. Margir eru farnir að vilja gera meira úr grilladstöðunni og sumir smíða borð og jafnvel skápa líka. Enn aðrir velja að hafa yfirbyggingu yfir grillinu svo þeir geti grillað í hvaða veðri sem er. Húsasmiðjan býður mjög skemmtilegar lausnir fyrir til dæmis borðplötur í svona „útieldhúsi“. Það heitir cembrit, er í raun útiveggklæðning og er því mjög þolgott og sniðugt að setja það ofan á vatnsheldan krossvið. Það fæst í mörgum litum svo hægt er að láta það tóna við einhverja liti á húsinu eða hvað sem er.

Opnanlegir fastir setbekkir hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár og er tilvalið að taka þá aðeins lengra og smíða líka lausa bekki úr afgöngunum og setja undir þá sterkleg hjól og með bremsunum góðu, þeir geta verið í ýmsum stærðum bara eftir hvað hentar hverjum notanda og hverjum palli.

Það að hafa góðan og skjólsælan pall er nánast eins og stækkun á húsinu,“ segir Bjarnheiður.

„Að lokum er mikilvægt að minna á að ef hugsað er reglulega um viðhald á pallinum og borið á hann rétt efni, til dæmis viðarvörnin frá Jotun sem Húsasmiðjan selur, sem ég mæli með, og pallurinn þrifinn reglulega þá lengist líftími hans mikið. Pallurinn getur auðveldlega dugað í áratugi ef vel er að verki staðið og viðhald er reglulegt.“ ■

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um pallaráðgjöfina á husa.is.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.




Einföld og falleg hönnun með mjúkum línum.




Fallegur bekkur, staðsettur við sumarbústað.

Þrír litir í boði, svartur, grár og paradiso-litur.





Bekkur í paradiso-lit fyrir framan fyrirtæki á Akureyri.

# Viðhaldsfríir garðbekkir úr graníti

**Granítbekkirnir frá Steinsmiðju Akureyrar vekja mikla athygli enda afar fallegir og endingargóðir. Þeir koma í þremur litum.**

Granítbekkir Steinsmiðju Akureyrar vekja mikla athygli enda bæði afar fallegir og ekki síður endingargóðir. Bekkirnir eru pantaðir jafnt af einstaklingum, fyrirtækjum og ýmsum opinberum aðilum og þá má meðal annars finna við sumarbústaði, í almenningsgörðum, við göngustíga, á pallinum heima, við hafnir og á ýmsum öðrum stöðum, segir Birnir Vignisson, eigandi Steinsmiðju Akureyrar. „Helsta framleiðsla okkar hingað til hefur verið legsteinar. Þar er stöðug aukning og hefur gengið afar vel. Eftir að hafa farið á sýningu til Ítalíu og séð hve mikið er unnið úr graníti fannst mér upplagt að reyna við framleiðslu bekkja. Sérstaklega þar sem maður sér mjög víða setbekki í slæmu ástandi. Timbur og plast veðrast og þarf viðhald en ekki granítið. Granítbekkir okkar hafa fengið mjög góðar viðtökur, þeir sóma sér vel alls staðar og eru mjög grand. Þetta eru sannarlega bekkir fyrir fólk sem gerir kröfur um gæði og endingu.“

**Gæði og ending framar öllu**

Birnir segir granítið sagað og pólerað með demöntum. „Engin litarefni eða önnur viðhaldsefni eru notuð við framleiðsluna. Það sem þú sérð er bara sléttur kletturinn. Við samsetningu þá járnabindum við með ryðfríu stáli og tveggja þátta steypulími ásamt póliúrethan límkítti til að tryggja endingu.“

Granítbekkirnir fást í þremur litum, svörtum, gráum og í paradiso-lit. Þeir eru 130 cm breiðir og um 140 kíló. Stakur bekkur kostar 295.000 kr. „Granít er með harðari steinefnum sem auk þess er gott að vinna. Bekkirnir eru gríðarsterkir og mjög fallegir. Þyngd bekkjanna er líka kostur, þeir haggast ekki og það er ekki auðvelt að stela þeim. Á veturna, í frosti og snjó, bræða bekkirnir af sér ef sólin nær í þá.“

> **Granítbekkir okkar hafa fengið mjög góðar viðtökur, þeir sóma sér vel alls staðar og eru mjög grand.**

**Skrift grafin í steininn**

Það er vinsælt meðal viðskiptavina að fá skrifaðan texta eða merki í bak bekks eða á setunni. „Textinn er þá grafinn í steininn og málaður með sérstakri steinmálningu. Hann tengist oft staðsetningu bekkjarins eða ástæðum kaupanna. Í bústaðinn er algengt að skrifað sé til dæmis „Hér er gott að vera“, „Lífið er núna“ eða nafn bústaðarins. Sveitarfélög og fyrirtæki hafa líka sett sín merki í bakið. Bekkirnir hafa einnig verið pantaðir sem legsteinar og er þá grafskriftin sett í bakið.“ ■

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Nánari upplýsingar inn á steinsmidjaakureyrar.is.



Bekkirnir sóma sér vel í hvaða umhverfi sem er.



Grái liturinn er einna líkastur íslenska grágrýtinu.

# Smíðaði kirkju handa konu sinni

**Handgerðir burstabæir og módel af íslenskum kirkjum með blikandi ljós í gluggum eru ægifagurt og rómantískt stáss í görðum.**




Grétar B. Þorsteinsson er vandvirkur hagleiksmaður sem á heiður af fallegu handverki í formi íslenskra burstabæja og kirkna sem gleðja bæði augu og anda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Ég fór að föndra við þetta eftir að ég hætti að vinna, þá vantaði mig eitthvert dund til að drepa tímann með. Ég ætlaði upphaflega að smíða burstabæ í garð okkar hjóna en hann vakti fljótt athygli vegfarenda og fólk dreif að til að spyrja hvort ég hefði tíma til að smíða burstabæ fyrir það. Þannig atvikaðist að ég fór að smíða burstabæina mína og fólk er ánægt með þá sem stáss í görðum sínum og sumarbústaðalöndum.“

Þetta segir Grétar B. Þorsteinsson sem smíðar handgerð módel af íslenskum kirkjum og burstabæjum.

Fyrsti burstabær Grétars stendur enn til mikillar prýði í garðinum hans heima. Sá er með hleðslu á milli bursta en þegar Grétar fór að smíða fleiri bæi breytti hann hönnuninni þannig að burstirnar standa nú saman án hleðslu.

„Mér finnst það fallegra,“ segir Grétar sem málar bæina í fjórum litum, svörtum, hvítum, brúnum og rauðum.

„Ég ætlaði reyndar bara að hafa þá í svörtu og hvítu, en svo kom til mín kona utan af landi og sagði ekki annað koma til greina en að burstabærinn hennar yrði brúnn. Þá keypti ég vitaskuld brúnan lit og konan fékk sinn brúna bæ sem fólk sá í garðinum hjá henni á Hellu. Það sumar komu pantanir á brúnum bæjum í röðum og flestir fór austur í Rangárvallasýslu, þar sem sést hafði í þann fyrsta á Hellu. Seinna sagði konan mín að ég ætti að prófa að mála einn rauðan og þeir urðu þá líka mjög vinsælir en nú er þetta allt í bland.“

**Strandakirkja trúlega of stór**

Grétar er borinn og barnfæddur Vestfirðingur, alinn upp á bænum Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Þaðan flutti hann suður í Þorlákshöfn en hefur frá árinu 2004 búið á Selfossi.

„Í túnfætinum heima stóð Nauteyrarkirkja á Langadalsströnd, falleg sveitakirkja. Þegar ég var byrjaður á burstabæjasmíðinni fann ég löngun til að smíða kirkju og datt í hug að smíða Nauteyrarkirkju. Þegar ég hafði lokið við smíði kirkjunnar leist konunni nokkuð vel á og spurði hvort ég gæti ekki líka byggt kirkjuna hennar, Bakkagerðiskirkju á Borgarfirði eystri. Ég hélt það nú og sú kirkja er langvinsælasta kirkjan mín, komin út um allt Austurland og miklu víðar,“ segir Grétar sem hefur auk þess smíðað Klyppstaðakirkju í Loðmundarfirði, Ketukirkju í Skagafirði og Strandakirkju í Selvogi.

„Alltaf þegar ég smíða kirkju fer ég á bókasafnið og fæ lánaðar bækur úr ritröð Minjastofnunar, Kirkjur Íslands. Þar eru teikningar og öll mál íslenskra kirkna en ég vil hafa mínar kirkjur í réttum hlutföllum, hvort sem það er turninn, gluggarnir, dyrnar eða annað, enda ekkert gaman að því öðruvísi. Allar kirkjurnar eru í hlutföllunum 1:25, sem er hæfileg stærð, fyrir utan Strandakirkju sem er tiltölulega stór kirkja. Ég var alveg hissa á því að hún skyldi ekki vekja meiri áhuga og á bara eina á lager, sem ég held að verði sú síðasta, þar sem hún hreyfist varla. Sennilega vegna stærðar sinnar og ég hefði kannski átt að hafa hana í hlutfallinu 1:50, en hún er sannarlega kunn fyrir áheit sín og einstaklega falleg.“




Módelsmíði af Nauteyrarkirkju á Langadalsströnd.

**Kisur kúra á þökum**

Grétar hefur ekki hugmynd um hversu marga burstabæi eða kirkjur hann hefur smíðað síðan hann fór á eftirlaun árið 2015, en síðasta 21 starfsár sitt var hann fangavörður á Litla-Hrauni. Áður vann hann mestmegnis á vinnuvélum í virkjunum á fjöllum.

„Ég asnaðist ekki til að byrja á að skrifa niður hversu mörg hús ég hef smíðað en það er þó nokkuð, og bæir mínir og kirkjur komnar um allt land. Húsin eru hönnuð með það fyrir augum að vera úti árið um kring. Ég nota eingöngu sterkan og endingargóðan birkikrossvið og set plast á öll horn og kanta svo ekkert vatn komist í viðinn. Húsin þola því öll veður og geta staðið úti árum saman, en inni í húsunum er LED-lýsing og gler í gluggum,“ greinir Grétar frá.

Hann segir mestmegnis eldra fólk panta sér burstabæi og kirkjur en svo komi yngra fólk líka, oft til að gefa foreldrum sínum hús í garða og sumarbústaðalönd.

„Til mín komu fullorðin hjón sem eiga sumarbústað á Vesturlandi. Þau langaði að setja burstabæ út í hraun svolítið spottakorn frá sumarbústaðnum en það var of löng leið fyrir rafmagn. Þá datt þeim í hug að fá sér litla sólarsellu til að fá ljós í bæinn og það er eflaust hægt. Hugmyndin er sniðug og óneitanlega fallegt að sjá upplýstan bæ eða kirkju í blómlegri hlíð undir fallegu hrauni,“ segir Grétar.

Kisur í húsunum í kring koma stundum í garðinn til hans á sumrin til að taka sér lúr á milli bursta í fyrsta bænum sem hann smíðaði, og Grétar hefur yndi af því.

„Burstabæirnir mínir eru minn skáldskapur. Ég var lengi með í maganum að smíða nákvæma eftirlíkingu af burstabænum á Hrafnseyri við Arnarfjörð en fann hvergi teikningar né mál og ætlaði að fara vestur og hreinlega mæla bæinn upp en svo varð ekkert úr því. Hann er stór sá bær og allt öðruvísi í laginu og hefði verið gaman. Krökkum þykir líka skemmtilegt að skoða þessi smáu hús og sætt fyrir ömmur og afa að eiga slík í garðinum.“

Hægt er að hafa samband við Grétar í síma 849 4813 og skoða bæina hans og kirkjur á vefsíðunni kirkjur.nokkvi.net. ■



Strandakirkja stendur hér fremst en fyrir aftan er fyrsti bærinn hans Grétars.



FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

13. TBL. 29. MARS 2022 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS




Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.fast., leigumiðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, lögg. fast., skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, lögg. fast. B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús stílisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Jónas H. Jónasson
Lögg. eignaskiptayfirlýsandi
Aðstoðarm. fasteignasala
842 1520
jonas@valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047



Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Brynjólfur Jónsson
lögg. fasteignasali
brynjolfur@berg.is
s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

# Parhús í Úlfarsárdal

Miklaborg og Jórunn, löggiltur fasteignasali, kynna: Úlfarsbraut 62, Úlfarsárdal, reisulegt og fallegt parhús á 4 pöllum með stórri afgirtri lóð. Möguleiki á séríbúð á jarðhæð, þar er allt til staðar fyrir lagnir og sérinngangur.



Húsið er við Úlfarsbraut 62, Úlfarsárdal, reisulegt og fallegt á 4 pöllum með stórri afgirtri lóð. MYND/AÐSEND

Húsið er skráð 210,5 fm á þremur pöllum. Hellulagt plan fyrir framan húsið, þar eru stæði fyrir 3-4 bíla. Planið með snjóbræðslu. Einstaklega glæsilegt hús með rúmgóðum bílskúr með innangengt úr forstofu. Forstofan er með rúmgóðum skápum. Á efsta palli eru 3 rúmgóð herbergi og stórt baðherbergi. Á miðjupalli eru eldhús og stofur með mikilli lofthæð og útgengt á suðursvalir. En á palli við jarðhæð sem hefur verið lokaður af en búið er að opna aftur, er baðherbergi, þvottahús, stórt 13,1 fm svefnherbergi og rúmgóð stofa með útgengt á pall og vinnurými sem áður var eldhús.

Húsið var byggt árið 2008 og hannað af Vektor eða Jóni Hrafni Hlöðverssyni. Húsið er tveggja hæða parhús með innbyggðum bílskúrum. Báðar hæðir eru stallaðar. Aðalburðarvirki hússins er úr járnbentri steinsteypu. Húsið stendur á stórri lóð, 684 fm, og er stærsti hluti lóðar sunnan megin við húsið.

Þegar komið er inn í forstofu blasir við fallegt rými og mikil lofthæð í alrými, stofu og eldhúsi. Úr holi er gengið inn í baðherbergi með glugga, þar er góð snyrtiaðstaða, sturta og skápur undir handlaug. Ef vill, þá er hægt að setja vegg á milli hols og baðherbergis, til að fá sér íbúð niðri með sér inngangi, fallegu björtu svefnherbergi með góðum skápum, stofu sem möguleiki er á að minnka og hafa annað svefnherbergi, eða opið eins og það er í dag, með útgengt á fallegan afgirtan pall til suðurs.

Úr holi er hálf hæð upp í stofur. Stofur mjög glæsilegar með mikilli lofthæð og mismunandi formum af gluggum sem setja mikinn svip



Fallegt opið rými, eldhús og stofa.

á rýmið. Eldhúsið er vel búið með stórri eyju og fallegri innréttingu. Borðstofa er björt með útgengt út á svalir. Fallegar opnar stofur, bjartar og rúmgóðar.

Efsti pallur: Þar eru þrjú herbergi, eitt þeirra er opið og mögulegt að hafa það vinnuherbergi eða sjónvarpshol, ef vill. Hjónaherbergið er rúmgott og bjart, þar er gott skápapláss.

Lóðin: Stór og afgirt með fallegri girðingu. Lóðin er stölluð sunnan megin, efst er pallur fyrir borð og stóla, síðan er grasflöt og afþreyingarkrókur.

Um er að ræða mjög fallegt hús á einstökum stað innan hverfis þar sem ein besta aðstaða er í dalnum fyrir börn; skólar, íþróttahús, íþróttavellir og sundlaug er til staðar fyrir börn og fjölskyldur. ■

Allar nánari upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845-8958 eða jorunn@miklaborg.is

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is
FÉLAG FASTEIGNASALA



## Til leigu veitingastaður á besta stað í miðborg Reykjavíkur

Veitingastaðurinn stendur við Amtmannsstíg 1 á Bernhöftstorfu ( Humarhúsið )

Húsið er 390 m² að stærð, þar af 75 m² turnhús, möguleiki á góðu útisvæði

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 0900 eða netfanginu **fifasteignir@fifasteignir.is**

FÍ

**FÍ fasteignafélag slhf. – Katrínartúni 2 – 105 Reykjavík**

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

# Starfandi í 40 ár – 1982-2022

## *Digranesvegur 61 - Kópavogi. 5 herbergja eign ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Afar rúmgóð 222,0 fermetra 5 herbergja 1. og 2. hæð að meðtöldum 58,8 fermetra bílskúr, í tvíbýlishúsi við Digranesveg í Kópavogi.
- 4 svefnherbergi sem eru öll mjög rúmgóð og er stærð þeirra um 15-22 fermetrar. Stofa og borðstofa með gluggum til suðurs og vesturs og með afar fallegu útsýni út á sundin og til fjalla.
- Sérinngangur og rúmgóð viðarverönd á baklóð sem er sérafnotaréttur. Þak hússins var yfirfarið og málað árið 2021. En skipt var um þak árið 1984 og því lyft. Möguleiki væri að útbúa aukaíbúð í bílskúr.
- 1.043 fermetra hornlóð með eplatrjám, gróðurhúsi og berjarunnum. Góð staðsetning, skólar í næsta nágrenni og stutt í alla þjónustu.

**Verð 120,0 millj.**

## *Maríugata 40 – Urriðaholti Garðabæ. 4ra – 5 herbergja með bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Ný og björt og vel skipulögð 134,6 fermetra 4ra - 5 herbergja íbúð á 4. hæð í vönduðu og álklæddu fimm hæða fjölbýlishúsi við Maríugötu 40 í Garðabæ. Íbúðinni fylgir 26,6 fermetra bílskúr.
- Íbúðin er bæði með baðherbergi og gestasnyrtingu, aukinni lofthæð og innfelldri lýsingu í loftum. Stofa og eldhús í björtu alrými með útgengi á svalir til austurs. 3 rúmgóð svefnherbergi.
- Allar innréttingar eru frá GKS. Ísskápur, háfur, helluborð og blástursofn eru frá Electrolux. Hreinlætistæki eru frá GROHE.
- Frábær staðsetning á mjög fallegum útsýnisstað í jaðri Heiðmerkur í Urriðaholti í Garðabæ í nálægð við grunn- og leikskóla. Stutt í verslanir í Kauptúni.

**Verð 109,5 millj.**

## *Fiskislóð 81 – skrifstofuhúsnæði- sérinngangur*



- Mjög gott 138,8 fermetra skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, efri hæð, með sérinngangi á neðri hæð við Fiskislóð 81 í Reykjavík. Mjög góð aðkoma og fjöldi bílastæða á lóð.
- Fimm skrifstofuherbergi eru á hæðinni og eru rýmin öll mjög björt og með góðum gluggum og útsýni. Innbyggð ljós eru í öllum loftum hæðarinnar. Viftur eru í loftum í flestum rýmum hæðarinnar og tölvulagnir í herbergjum. Öryggismyndavélakerfi er utan á húsinu. Leyfi er fyrir geymslugámi á baklóð.
- Virkilega bjart og vel skipulagt skrifstofuhúsnæði með sérinngangi og útsýni á spennandi og ört vaxandi stað á Grandanum.

**Verð 65,9 millj.**

## *Grundarstígur 11. 2ja herbergja íbúð – laus strax.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 2ja herbergja 54,5 fermetra íbúð á 3. hæð í góðu steinsteyptu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Þingholtunum. Húsið var steinað allt upp á nýtt sumarið 2020. Stigahús er mjög snyrtilegt, linoleumdúklagt og nýlega málað.
- Íbúðin samanstendur af forstofu, stofu með gluggum á tvo vegu, svefnherbergi, eldhúsi og baðherbergi ásamt sérgeymslu í kjallara, sameiginlegu þvottahúsi og hjólageymslu.
- Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

**Verð 39,9 millj.**

*Þarft þú að stækka eða minnka við þig*
*en finnur ekki réttu eignina ?*

*Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**



# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars** – lögg. fasteignasali – Sími: 695 5520
**Gunnar S. Jónsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 5856
**Ólafur Finnbogason** – lögg. fasteignasali – Sími: 822 2307
**Elín Alfreðsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 3090
**Hreiðar L. Guðmunds** – lögg. fasteignasali – Sími: 661 6021
**Þórunn Pálsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 773 6000
**Ómar Hvanndal** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 832 3200
**Friðjón Ö. Magnúss.** – lögg. fasteignasali – Sími: 692 2704
**Jason Kr. Ólafsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 776 1515
**Íris Arna Geirsdóttir** – aðst. fasteignasala – Sími: 770 0500
**Þröstur Þórhallsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 897 0634
**Jórunn Skúladóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 845 8958

2015 2021
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skapta** – lögg. fasteignasali – Sími: 868 4508
**Svan G. Guðlaugsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 697 9300
**Atli S. Sigvarðsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 1178
**Óskar H. Bjarnasen** – lögg. fasteignasali – Sími: 691 1931
**Kjartan Í. Guðmunds** – lögg. fasteignasali – Sími: 663 4392
**Þórhallur Biering** – lögg. fasteignasali – Sími: 896 8232
**Árni Davíð Bergs** – aðst. fasteignasala – Sími 625 2500
**Friðrik P. Stefáns** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 616 1313
**Óskar S. Axelsson** – aðst. fasteignasala – Sími: 691 2312
**Ingi Þór Ingólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 698 4450
**Páll Þórólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 893 9929
**Ragnheiður Péturs** – hdl. og löggiltur fasteignasali

## Víkurgata 11

**210 Garðabær**

### Glæsilegt samtals 386,5 fm einbýlishús með þremur íbúðum og bílskúr á frábærum útsýnisstað við Urriðavatn

- Tvær stórar íbúðir á sitthvorri hæðinni, stúdíóíbúð á neðri hæð og bílskúr á efri hæð (sem er innréttaður sem stúdíóíbúð)
- Húsið er hannað og teiknað af Baldri Svavarssyni hjá ÚTI og Inni Arkitektum
- Hér er allt mjög vandað og glæslegt
- Göngu og hjólastígar í allar áttir
- Heimörkin í göngufæri sem og golfvellirnir Setberg og Oddur Einnig stutt í skóla og verlsanir í Kauptúni
- Mjög áhugaverð toppeign

Verð: **295 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
**Sími: 896 8232**
thorhallur@miklaborg.is




## Úlfarsbraut 62

**113 Reykjavík**

### Reisulegt og fallegt 210,5 fm parhús á 4 pöllum með stórri lóð í Úlfarsárdal

- Möguleiki á sér íbúð á jarðhæð, þar eru allt til staðar fyrir lagnir og sérinngangur.
- Húsið er einstaklega glæsilegt með rúmgóðum bílskúr en það er innangengt úr forstofu.
- Á efsta palli eru 3 rúmgóð herbergi og stórt baðherbergi.
- Á miðjupalli er eldhús og stofur með útgengt út á suður svalir.
- Á palli við götuhæð er baðherbergi, forstofan, hol og bílskúr
- Á neðsta palli er þvottahús, stórt 13,1 fm svefnherbergi og rúmgóð stofa með útgengt út á afgirtan pall og vinnuaðstaða sem áður var eldhús.

Verð: **129,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Jórunn Skúladóttir**
lögg. fasteignasali
**Sími: 845 8958**
jorunn@miklaborg.is




Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52, 108 Rvk.
Sími 533 6050 / Fax 533 6055
www.hofdi.is



| Runólfur Gunnlaugsson | Ásmundur Skeggjason | Brynjar Baldursson | Jóhann Friðgeir Valdimarsson | Kristinn Tómasson | Þórarinn Friðriksson |
|---|---|---|---|---|---|
| lögg. fast. | lögg. fast. | sölufulltrúi | lögg. fast. | lögg. fast. | lögg. fast. |
| s. 892-7798 | s. 895-3000 | s. 698-6919 | s. 896-3038 | s. 820-6797 | s. 844-6353 |

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

*Er ekki bara best að kjósa Höfða*

TRAUST ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
1997 - 2022


# Verkefnastjóri og véla- og tækjamaður

Flotgólf óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til starfa. Annars vegar reyndan verkefnastjóri og hins vegar véla- og tækjamann með meirapróf.

Flotgólf ehf. er traust byggingarfélag sem vinnur að stórum jafnt sem smáum fasteignaverkefnum bæði á útboðsmarkaði sem og í eigin verkefnum. Fyrirtækið hefur á að skipa öflugum starfsmönnum, stjórnendum og tækjabúnaði og getur því tekist á við verkefni af hvaða stærðargráðu sem er. Vegna aukinna umsvifa og spennandi verkefna á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.Því leitar fyrirtækið eftir kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir.

## Verkefnastjóri

**Helstu verkefni:**

- Stýrir og hefur eftirlit með byggingaframkvæmdum
- Kostnaðareftirlit og gerð verkáætlana
- Þáttaka í hönnunar- og verkfundum sem og öryggis- og gæðamálum
- Samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði, iðnmeistara og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði bygginga: tækni-, verk- eða iðnfræði.
- Byggingastjóraréttindi æskileg
- Reynsla eða menntun í iðngrein er mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

## Véla- og tækjamaður

Flotgólf óska eftir að ráða tækjamenn og bílstjóra með reynslu. Viðkomandi þurfa að hafa tækjaréttindi eða meirapróf, reynslu við stjórn vinnuvéla og getu til að vinna sjálfstætt. Einnig er góð íslensku - og enskukunnátta nauðsynleg. Flotgólf leggur mikið uppúr góðri mætingu og reglusemi.

Umsóknarfrestur er til og með **11. apríl 2022.**
Starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi, skal senda á netfangið flotgolf@flotgolf.is.

FLOTGÓLF
BYGGINGAVERKTAKAR




Sérfræðingar í ráðningum

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

# TIL SÖLU

## Kaffi Duus í Keflavík

EINSTÖK STAÐSETNING!












| 14 herbergi | Lyfta | Sérbaðherbergi | Veitingahús | 100 manns í sæti | 5 mín frá flugvelli | Glæsilegt útsýni |
|---|---|---|---|---|---|---|

## Veitinga- og hótel rekstur Kaffi Duus við Smábátahöfnina í Keflavík, Reykjanesbæ.

Um er að ræða fasteign, rekstur, tækjakost og allt innbú Hótel Duus og Kaffi Duus. Húsið var upphaflega byggt 1997 en hótel rýmið var tekið í notkun 2019.

Spennandi rekstur í ört vaxandi fjölgun ferðamanna, frábært tækifæri til uppbyggingar í aðeins 5 mínútna fjarðlægð frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Hótelið er á þremur hæðum með lyftu. 14 herbergi öll með sérbaðherbergi og 11 af herbergjunum sem snúa út á smábátahöfnina í Keflavík.

Veitingarhúsið tekur 100 manns í sæti með glæsilegu útsýni yfir smábátahöfnina

M2 FASTEIGNASALA

**Sigurður Sigurbjörnsson**

Löggiltur fasteigna- og skipasali,
Viðskiptafræðingur

**Gsm 693 2080**

siggi@fermetri.is



M² Fasteignasala & Leigumiðlun | Hólmgarður 2c | 230 Reykjanesbær | Sími 421-8787 | www.fermetri.is




## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

### Þróun Sundabrautar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og umhverfismatsskýrslu Faxaflóahafna er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**




Landsvirkjun

Útboð nr. 2022-33

## Þórisósstífla – Grjótvinnsla

Óskað er eftir tilboðum í verkið Þórisósstífla - Grjótvinnsla samkvæmt útboðsgögnum nr. 2022-33. Um er að ræða vinnslu ölduvarnarfyllingar úr nýrri námu og flutning á stíflusvæði.

Bjóða skal í verkið í heild sinni. Verkið er unnið í tveimur áföngum á tveimur árum.

**Samningstími eru tvö ár.**

Útboðsgögn og skil á tilboðum eru í gegnum útboðsvef Landsvirkjunar **utbod.landsvirkjun.is**

**Skilafrestur á tilboðum 26.4.2022, kl. 14**

Nöfn bjóðenda og heildarfjárhæðir verða birtar eftir kl. 14 sama dag á landsvirkjun.is

## Til sölu






RYOBI

**ONE+ HP er kolalaus lína í rafhlöðuverkfærum með meiri afli en áður.**

Þessi verkfæri eru hönnuð til að skila lengri keyrslutímum og meiri vinnu á hverri hleðslu.

Hönnuð með það í huga að vera minni og léttari án þess að hafa áhrif á afl og afköst.

Sama rafhlaðan virkar í fjöldann allan af tækjum - bættu í safnið smátt og smátt.

# Í garðinn saman!




FISKARS®

**FISKARS light.**

Í FISKARS light línunni er að finna öll helstu garðverkfærin sem hvert heimili þarf til viðhalds lóða, ræktunar á blómum og öðrum jurtum í beðum eða til að vinna og viðhalda matjurtargörðum. Áhöldin eru hönnuð með léttleika og styrk í huga, en þau eru allt að 50% léttari en hefðbundin garðáhöld og amboð.
Léttleikinn næst með sköftum úr álblöndu en styrkurinn í skóflublöðum, hrífu- eða klórhausum eða öðrum slitflötum er fenginn með smíði úr hertu stáli. Þessi blanda af léttmálmum og hertu stáli skapa mestu og bestu kosti Light línunnar. Að auki eru þægindin aukin enn frekar með SoftGrip™ plasthandföngum.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Ræktar metmagn tómata og risavaxið grænmeti

**Metnaðarfullur breskur bóndi setti heimsmet í tómataræktun og stefnir á að slá met í ræktun fleiri tegunda.**

sandragudrun@frettabladid.is

Breski tómataræktandinn Douglas Smith rak upp stór augu síðastliðinn september þegar hann var að tína uppskeruna af tómatplöntunni sinni en hann uppgötvað að á einum stilknum voru hvorki meira né minna en 1.269 tómatar. Þar með sló hann sitt eigið met sem var 839 tómatar á einum stilk, en það met sló hann aðeins nokkrum vikum áður. Metið á undan því var 488 tómatar og það hafði ekki verið slegið í meira en áratug.

Douglas sló met árið 2020 fyrir að rækta þyngsta tómat í Bretlandi. Tómaturinn var rúm 3 kíló, en til samanburðar má nefna að þyngsti tómatur í heimi var ræktaður í Bandaríkjunum það ár og vó tæp 5 kíló.

Eftir að hafa slegið Bretlandsmet vildi Douglas reyna að ná heimsmeti í tómataræktun og ákvað þess vegna að reyna að slá metið í fjölda tómata á einum stilk. Hann vann markvisst að því að ná að slá þetta met með því að lesa vísindarannsóknir um tómataræktun auk þess sem hann lét rannsaka jarðvegssýni á rannsóknarstofu. Þannig tókst honum að finna formúluna til að ná að slá þetta met.

Metið sem var eins og áður segir 1.269 tómatar á einum stilk var staðfest núna í mars.

Douglas þessi lætur þó ekki nægja að rækta tómatana. Hann ræktaði nýlega sólblóm sem var sex metra hátt en það náði þó ekki að slá met sem heimsins hæsta sólblóm. Það var 9,17 metrar og var ræktaði í Þýskalandi árið 2014.

Douglas sagði frá því í viðtali við BBC að hann langaði að gera tilraunir með að rækta fleiri tegundir af risavöxnu grænmeti og öðrum plöntum. Núna er hann að



Á einum stilk voru 1.269 tómatar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Hann vann markvisst að því að slá þetta met með því að lesa vísindarannsóknir um tómataræktun.**

einbeita sér að því að rækta grænar baunir, eggaldin og kartöflur. En hann stefnir að því að slá met í að rækta bæði stærstu kartöflu og stærsta eggaldin í heimi. Þau met voru bæði slegin í Bretlandi af bóndanum Peter Glazebrook. Metið fyrir stærstu kartöflu í heimi var slegið árið 2011 en kartaflan var 4,98 kíló og metið fyrir stærsta eggaldin í heimi var slegið árið 2021 en það vó 3,12 kíló. Núna er bara spurning hvort og hvenær Douglas nær að slá þessi met. ■

## Leynigarður í borginni

jme@frettabladid.is

Reykjavíkurborg skartar mörgum fallegum og skemmtilegum skrúð- og almenningsgörðum og útivistarsvæðum. Má þar helst nefna Grasagarðinn í Laugardal, Hljómskálagarðinn, Öskjuhlíð, Laugarnesið, Elliðaárdalinn og fleira.

Einn best geymdi gimsteinn Reykjavíkurborgar er þó líkast til Alþingisgarðurinn, sem staðsettur er bak við Alþingishúsið við Austurvöll. Saga garðsins er sú að skömmu eftir að smíði Alþingishússins lauk 1884 var ákveðið að gera garð á lóðinni sunnan við húsið að frumkvæði Árna Thorsteinson landfógeta. Alþingisgarðurinn er elsti íslenski almenningsgarðurinn sem hefur verið varðveittur í upprunalegri mynd, frá 1894. Plöntur voru fengnar víða að, innanlands sem utan. Víðitegundin þingvíðir var meðal annars flutt inn til landsins og er hún nefnd eftir garðinum. Alþingismaðurinn Tryggvi Gunnarsson (1781-1853) sinnti garðinum síðari



Fengið var birki úr Fnjóskadal, ilmreyr úr Hörgárdal og reyniviður úr Nauthúsagili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hluta ævi sinnar og er brjóstmynd af honum að finna í garðinum.

Skrúðgarðurinn hefur verið opinn almenningi síðan 1950. Hann er bæði fallegur og friðsæll og að mestu umkringdur háum mosavöxnum steinvegg. Garðurinn er því nokkuð vel falinn og fyrir vikið fásóttari en margir aðrir garðar. Þar er því notalegt að setjast niður á bekk í friðsælu og fallegu umhverfi, finna lyktina af náttúrunni og endurnæra skilningarvitin í miðri borgariðunni. ■










Skoðaðu alla pottana
í sýningarsal okkar og á:

**trefjar.is**

**Frí heimsending
um land allt ef verslað
er í vefverslun**

ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA
1978
TREFJAR
HEITIR POTTAR





# Nú vantar bara pottinn!



Geirslaug
279.000 kr.

Snorralaug
299.000 kr.

Gvendarlaug
189.000 kr.

Unnarlaug
310.000 kr.

Sigurlaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.

Grettislaug
259.000 kr.

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

## Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!

NORMX

**Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is**

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17**

## Bílar & Farartæki

AÐALKAUP
Bílasala



**GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÓTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!**
NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr í ábyrgð!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bíll í ábyrgð. Möguleiki á allt að 90% láni. FLEIRI LITIR Í BOÐI! VERÐ AÐEINS kr.4.177.000-Rnr.120652 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c. S:888-3715.

**Aðalkaup - Bílasala**
**Skeifan 3C, 108 Reykjavík**
**Sími: 888 3715**
**adalkaup@adalkaup.is**
**http://adalkaup.is**

SPA R bíll



Toyota Yaris Active Hybrid 1/2019 ekinn 45 þús km. Sjálfskiptur með álfelgum og bakkmyndavél ofl. Krúttlegur bíll í snattið. Hann gæti orðið þinn fyrir 2.790.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma**
**8548080/5168080**
**retta.is**
**olafur@retta.is**

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**RÚNAR MÚRARI EHF**
**S 774-3800**
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135577

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR
- SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN
ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

Mobility.is
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

mýranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15,**
**Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is



## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Stúdíóíbúð til leigu í Stórholti. Uppl. 899 3749

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


## Tilkynningar

Opið hús



**Opið hús verður fimmtudaginn 31. mars 2022 frá kl. 10:00 - 16:00 að Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði** þar sem hægt verður að kynna sér tillögur að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða eftirfarandi breytingar:

- **Hafnarsvæði - þétting byggðar, Suðurhöfn, Flensborgarhöfn, Hamarshöfn**
- **Þynningarsvæði álversins í Straumsvík**
- **Ásland 4**

Á sama tíma verður hægt að kynna sér breytingu á deiliskipulagi Selhrauns og nýtt deiliskipulag fyrir Ásland 4 og Hringhamar.

Hægt verður að fá svör við spurningum sem tengjast þessari skipulagsgerð á opna húsinu á umhverfis- og skipulagssviði.

Nánar á:
**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Umhverfismat framkvæmda

**Matsáætlun í kynningu**

### Framleiðsla á 11.500 tonnum af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi

Hábrún ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á 11.500 tonna framleiðslu af regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vefsvæði Skipulagsstofnunar www.skipulag.is

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. apríl til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

### SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ - FORKYNNING

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 3. mars sl. var samþykkt að vísa til forkynningar samkvæmt 2.mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögum:

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar**
- Aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar til samræmis við deiliskipulagtillögur og friðlýsingartillögu sem kynntar eru samhliða.

Markmið tillögunnar er að laga stígakerfið að eftirfarandi tillögum: að deiliskipulagi Fólkvangsins í Vífilstaðahrauni, að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samstarfi við Umhverfisstofnun, að deiliskipulagi fyrirhugaðs fólkvangs og golfvallar í Urriðakotsdölum.

Einnig að laga stígakerfið að þeim breytingum sem hafa orðið vegna uppbyggingar í Garðabæ austan Reykjanesbrautar.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggist af en nýr reiðstígur komi úr Grunnuvatnaskarði um Ljóskollulág og niður Vífilsstaðahlíð sem tengist reiðstíg í Urriðakotshrauni. Gert er ráð fyrir breyttri legu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum til að bæta umferðaröryggi og einnig göngu- og hjólreiðabrú yfir Reykjanesbraut austan mislægra gatnamóta Urriðaholtsstrætis og Reykjanesbrautar.

**Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum**
- Markmið deiliskipulagsins er að í Urriðakotsdölum og í Urriðakotshrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki. Samhliða gerð deiliskipulagsins er unnið að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang og hefur leiðarljós í deiliskipulagsvinnunni verið að stuðla að vernd hraunsins og náttúrlegs gróðurfars á svæðinu og skapa góðar aðstæður til útivistar með vönduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun Urriðavallar og nýjum útivistarstíg. Hluti golfvallar verður innan fyrirhugaðs fólkvangs í Urriðakotshrauni.

**Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.**
- Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða. Veglína Flóttamannavegar er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum. Stofnstígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut verður skilgreindur sem samgöngustígur með aðskildri umferð gangandi og hjólandi.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar ábendingar. **Frestur til að skila inn ábendingum er til og með 25.apríl 2022.** Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á netfangið **skipulag@gardabaer.is**

**Kynningarfundur verður haldinn í Sveinatungu, Garðartorgi 7, miðvikudaginn 6. apríl kl. 17:00.**
**Allir velkomnir.**

GARÐABÆR
gardabaer.is



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bergsteinn Bergmann Þorleifsson**

Vesturgötu 159, Akranesi,

lést fimmtudaginn 24. mars síðastliðinn á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 13.

**Auður Sigurðardóttir**
**Hafdís Bergmannsdóttir** **Gunnar Helgason**
**Svanborg Bergmannsdóttir** **Heimir Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hólmfríður Árnadóttir**

prófessor emeritus og myndlistarmaður,
Hvassaleiti 40, R.,

lést á Landakotsspítala föstudaginn 25. mars sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Brjánn Árni Bjarnason** **Steinunn Gunnlaugsd.**
**Bolli Bjarnason** **Ellen Flosadóttir**
**Gunnlaugur Bollason** **Unnur Þorgeirsdóttir**
**Unnur Hólmfríður Brjánsdóttir** **Gauti Þormóðsson**
**Elva Bergþóra Brjánsdóttir** **Dagur Hilmarsson**
**Fannar Bollason**
**Fjalar Bollason**
**og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Marinó Guðmundsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, fimmtudaginn 31. mars klukkan 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítalans fyrir hlýja og góða umönnun.

**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Guðlaug Þóra Marinósdóttir**
**Tinna Dröfn Marinósdóttir** **Sigurður Ingi Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararstofa Kirkjugarðanna

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


# Íslensk kórtónlist í útrás

arnartomas@frettabladid.is



Sungið í síldarverksmiðjunni á Hjalteyri. MYND/AÐSEND

Íslenski kvennakórinn Graduale Nobili sendi á dögunum frá sér plötuna Vökuró þar sem sungin eru bæði veraldleg og trúarleg verk eftir íslensk tónskáld. Platan er gefin út af útgáfurisanum Universal sem kom auga á kórinn í gegnum tónlistarmyndbönd á vefnum.

„Þetta samstarf kom til í gegnum verkefni sem við lögðum í árið 2019 þegar við tókum upp fimm myndbönd í gömlu síldarverksmiðjunni á Hjalteyri við Eyjafjörð,“ segir Þorvaldur Örn Davíðsson, kórstjóri Graduale Nobili. „Ég fékk svo upphringingu frá konu í New York sem vinnur hjá Universal og sagði mér að myndböndin væru búin að ganga manna á milli í fyrirtækinu og hefðu vakið mikla hrifningu. Þau höfðu svo verið að kanna nýja listamenn og það var einhugur um að athuga hvort við værum tilbúin í samstarf með þeim.“

Graduale Nobili var stofnaður um aldamótin af Jóni Stefánssyni organista í Langholtskirkju. Kórinn hefur átt í samstarfi með ýmsu þekktu tónlistarfólki og hefur meðal annars tekið þátt í tónleikaferðalagi ásamt Björk Guðmundsdóttur. Þorvaldur Örn tók við sem kórstjóri Graduale Nobili árið 2017. Hann segir íslenska kórtónlist vera í mikilli útrás erlendis.

„Við fundum það á þessum myndböndum að langflestar spilanir voru í Bandaríkjunum,“ segir hann. „Það var rosa gaman að sjá hversu mikill áhugi er á íslenskum kórum í Bandaríkjunum og á að flytja íslenska tónlist.“

Framboðið á íslenskri kórtónlist segir Þorvaldur Örn ekki af skornum skammti og ætti vel að geta annað eftirspurn erlendis.

„Það sést vel á því hversu margir Íslendingar eru að syngja í kórum. Þetta er eiginlega þjóðarhljóðfæri okkar Íslendinga – kórsöngurinn.“ ■



❋

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,

**Geir Svansson**

lést 21. mars. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 1. apríl, kl. 15.00. Við þökkum hlýju og vinarhug.

**Irma Erlingsdóttir**
**Svanhildur og Gríma**
**Guðrún Svansdóttir**



✝

Okkar ástkæra

**Ingveldur Pálsdóttir**

Hverfisgötu 92b,

sem lést á Spáni miðvikudaginn 16. mars verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 31. mars klukkan 15.

**Jóhannes Ólafur Ólafsson**
**Ásta Þórunn Jóhannesdóttir** **Brynjar Húnfjörð**
**Ólafía Jóhannesdóttir**
**Einar Páll Jóhannesson**
**Páll Aronsson** **Inga Einarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Okkar ástkæra

**Björg Ólafsdóttir**

frá Brimilsvöllum,

lést 25. mars. Útför verður frá Áskirkju miðvikudaginn 6. apríl kl. 11. Hjartans þakkir til starfsfólks Seltjarnar fyrir afbragðsumönnun og hlýtt viðmót.

**Snorri Sigurjónsson** **Anna Birna Ragnarsdóttir**
**Hrefna Sigurjónsdóttir** **Sigurður Snorrason**
**Kristján Sigurjónsson** **Áslaug Óttarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Þórir Sævar Maronsson**

fv. yfirlögregluþjónn í Keflavík,

lést á Sólvangi 27. mars. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 1. apríl kl. 15.

**Védís Elsa Kristjánsdóttir**
**Pálmar Örn Þórisson**
**Margrét Sigríður Þórisdóttir**
**Elsa Dóróthea Gísladóttir**
**Kristján Einar Gíslason**
**og afabörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir og mágur,

**Örn Halldórsson**

skólastjóri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 23. mars. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 4. apríl kl. 13.

**Ingibjörg B. Sigurðardóttir**
**Sif Arnardóttir**
**Halldór Smári Arnarson**
**Steinunn Halldórsdóttir** **Einar Steingrímsson**
**Sigmar Halldórsson** **Sóley Björgvinsdóttir**
**Hjálmar Halldórsson**
**Rún Halldórsdóttir**
**Páll Halldórsson** **Stella Óladóttir**



✝

Ástkær sonur minn og faðir okkar,

**Bjarni Ingi Garðarsson**

húsasmíðameistari og byggingariðnfræðingur,

lést þann 4. mars. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 15.

**Sólrún Bjarnadóttir**
**Alexander Freyr Bjarnason**
**Birna Rún Bjarnadóttir**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurjón I. Aðalsteinsson**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 21. mars sl. Útför fer fram frá Fossvogskapellu 1. apríl kl. 10.

**Rungnapa Akapong**
**Berglind Bára Sigurjónsdóttir** **Atli Viðar Bragason**
**Bergdís Björk Sigurjónsdóttir** **Sigurður Ágúst Einarsson**
**Arna Rós Sigurjónsdóttir** **Einar Marteinsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hermann Bridde**

bakarameistari,

lést 18. mars sl. á Hrafnistu Reykjavík. Útförin hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 31. mars kl. 13.00.

**Friðrik Bridde**
**Einar Bridde** **Guðný Steinunn Guðjónsdóttir**
**Karl H. Bridde** **Sigrún Ævarsdóttir**
**María Karlsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

# VERTU MEÐ!

**Skráðu þig í Netklúbb Skanva.is og njóttu eftirfarandi fríðindar þegar þú kaupir glugga og hurðir:**

- Ókeypis aðgangur og engin skuldbinding
- Afsláttur fyrir klúbbfélaga
- Verðvernd
- Sértilboð, innblástur og góð ráð



Netklúbbur
**Skanva.is**




**Verslun**
Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 - 8400

Skanva.is

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Útkall** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2010-2011** Í þessum þætti mætast lið Borgarbyggðar og Hafnarfjarðar.
**14.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** Nýja Ísland.
**15.10 89 á stöðinni**
**15.25 Lífsins lystisemdir**
**15.55 Kiljan**
**16.35 Menningarvikan**
**17.05 Íslendingar** Ási í Bæ.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hönnunarstirnin**
**18.18 Tilraunastofan**
**18.42 KrakkaRÚV -** Tónlist Mannanafnanefnd - Sigurður Guðmunds og Jón Gnarr.
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** HAM - Hef aldrei mörk.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Kveikur**
**20.45 Bækur og staðir**
**21.00 Trúður Klovn**
**21.30 Laustengd og líðug Semi-Detached**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Snjóenglar Snöänglar** Sænsk spennuþáttaröð í sex hlutum. Hvítvoðungur hverfur á dularfullan hátt af heimili sínu á Þorláksmessukvöld og lögreglu grunar að ekki sé allt með felldu í frásögn foreldranna. Aðalhlutverk: Josefin Asplund, Ardalan Esmaili og Eva Melander. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Griðastaður Sanctuary**
**00.00 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**16.05 Survivor**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Moodys**
**19.40 The Neighborhood**
**20.10 Ordinary Joe**
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Berlin Station**
**01.05 Chicago Med** Dramatísk þáttaröð úr smiðju Dick Wolf sem m.a. gerði Law&Order seríurnar.
**01.50 Station 19**
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**09.50 Masterchef USA**
**10.30 Call Me Kat**
**10.50 Queen Sugar**
**11.30 30 Rock**
**11.55 Shark Tank**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Amazing Grace**
**13.45 Secrets of Sleep** Áhugaverðir breskir heimildarþættir þar sem fjallar um mikilvægi svefns fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði.
**14.30 Rax Augnablik**
**14.35 City Life to Country Life**
**16.10 Bætt um betur**
**16.40 Grey's Anatomy**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hell´s Kitchen USA**
**19.55 B Positive**
**20.15 S.W.A.T.**
**21.05 Magnum P.I.**
**21.45 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham**
**22.15 Last Week Tonight**
**22.50 Cold Case**
**23.35 Cold Case**
**00.20 Outlander**
**01.20 Nach**
**01.45 Supernatural**
**02.25 The O.C.**
**03.10 Call Me Kat**
**03.30 Queen Sugar**

## Sjöfn Þórðar skoðar fermingarundirbúninginn



Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld, en þar mun Sjöfn Þórðardóttir hitta mæðginin Bjarna Gabríel Bjarnason og Evu Dögg Sigurgeirsdóttur móður hans sem er í óðaönn að leggja lokahönd á undirbúninginn fyrir stóra daginn, fermingardag Bjarna Gabríels. Áhorfendur fá sýnishorn af því hvernig veislu hann langar að halda og Hrafnhildur Þorleifsdóttir blómaskreytir mun verða mæðginunum til halds og trausts.

## Skák

Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Ioselani átti leik gegn Tereschenko í Lucern árið 1982.

**1.Hf8+! Hxf8 2.Dxh6+! gxh6 3.g7+ Kh7 4.gxf8R+! Kh8 5.Hg8# 1-0.**

Jóhann Ingvason vann sigur á Skákþingi Norðlendinga sem fram fór á Húsavík um helgina. Áskell Örn Kárason og Gauti Páll Jónsson urðu í 2.-3. sæti. Áskell var skákmeistari og hraðskákmeistari Norðlendinga.

**www.skak.is:** EM einstaklinga. ■

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
**1** kalsi
**5** þrá
**6** í röð
**8** grundvalla
**10** tveir eins
**11** dinglandi
**12** plan
**13** ríki í asíu
**15** málmur
**17** fiskur

**LÓÐRÉTT**
**1** drykkur
**2** hleypa
**3** sjáðu
**4** örðu
**7** álandsvindur
**9** sortera
**12** þökk
**14** burstaþak
**16** borða

**LÁRÉTT: 1** rysja, 5 ósk, 6 gh, 8 stofna, 10 aa, 11 laf, 12 torg, 13 írak, 15 nikkel, 17 skata.
**LÓÐRÉTT: 1** rósavín, 2 ysta, 3 sko, 4 agnar, 7 hafgola, 9 flokka, 12 takk, 14 ris, 16 et.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 8 | | | | 1 | |
| | 8 | 3 | | | 6 | | 5 | 9 |
| | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | 4 | | 1 | | |
| | 4 | | 9 | 7 | | 5 | | |
| 3 | 5 | | 6 | 2 | | 8 | | 4 |
| | 9 | 4 | | | 7 | | | 5 |
| 1 | 7 | | 3 | | | | | 6 |
| 2 | | | 4 | | 9 | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | 5 | 6 | | | |
| | | 6 | 7 | 8 | | 2 | | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | | 2 | | 6 | | |
| 2 | | 4 | | | 3 | | 8 | |
| | | | 5 | 4 | | 9 | | 1 |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | 6 | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | | 6 | | | | 9 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli






# icebreaker

## Move to natural

**Icebreaker Merino ull. Fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.**

**Oasis** Síðerma
**14.990 kr.**

**Oasis** Hálfrennd
**15.990 kr.**

**Sonebula** Hár kragi
**15.990 kr.**

**Everyday** Leggings
**12.990 kr.**

**Everyday** Síðerma
**12.990 kr.**

**Flexi Chute**
Hlýir hálskragar
**4.990 kr.**

**Tech Lite II**
Stuttermabolur
**12.990 kr.**

**Sphere II**
Stuttermabolur
**11.990 kr.**

**Siren Tank**
Hlýrabolur
**8.390 kr.**

**Hike+Light**
Sokkar
**3.990 kr.**

**Barna leggings**
Verð frá **8.590 kr.**

**Barna bolur**
Verð frá **8.590 kr.**

**Fastray High Rise**
Leggings
**16.590 kr.**

**Sierra**
Hanskar
**6.690 kr.**

**Yanni**
Kjóll
**13.990 kr.**

**Zoneknit Bra Tank**
Toppur
**12.990 kr.**

**Sprite Racerback**
Toppur
**8.490 kr.**

**Sprite Hot Pants**
Nærbuxur
**6.990 kr.**

**Anatomica Cool-Lite Boxers**
Nærbuxur
**6.590 kr.**

# GG SPORT

**Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!**

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30–18, laugardagur 11–15



Hundar eru á sýningu Bjargeyjar. MYND/AÐSEND

## Draugahundur í Gallery Port

kolbrunb@frettabladid.is

Bjargey Ólafsdóttir sýnir verk á sýningunni Draugahundur í Gallery Port. Sýningin stendur til fimmtudagsins 31. mars.

Sýningin samanstendur af tólf ljósmyndum af Samoyed-voffum. Samoyed-hundarnir, sem líkjast nánast draugum, voru upphaflega ræktaðir til að veiða, draga sleða og smala hreindýrum.

Bjargey Ólafsdóttir lærði ljósmyndun, málaralist og blandaða tækni í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Listaakademíunni í Helsinki, og handritsgerð og leikstjórn í Binger Filmlab í Amsterdam. Hún vinnur í fjölbreyttum miðlum. Hún hefur gert nokkrar kvikmyndir sem hlotið hafa lof gagnrýnenda, og hefur sýnt verk sín víða um lönd. ■



Friðgeir skrifar um myndlistarverk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Samsuða Friðgeirs

kolbrunb@frettabladid.is

SamSuða er yfirskrift sýningarraðar í Borgarbókasafninu Kringlunni. SamSuða er stefnumót skapandi einstaklinga þar sem skáld, eitt eða fleiri, velja verk úr Artóteki Borgarbókasafnsins og skrifa um þau stuttan texta. Verkin geta verið eftir einn og sama listamanninn eða blanda/samsuða af verkum eftir ýmsa. Verkin og textinn eru síðan sett upp á sýningu í Borgarbókasafninu Kringlunni.

Að þessu sinni er það rithöfundurinn Friðgeir Einarsson sem velur verk úr Artótekinu, skrifar um þau texta og opnar sýningu með þeim í Borgarbókasafninu Kringlunni. Sýningin stendur til 24. apríl.

Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Guðný Hrönn Antonsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Kristín Pálmadóttir og Wiola Ujazdowska.

Í Artótekinu er til leigu og sölu myndlist eftir íslenska listamenn, sem allir eru félagsmenn í Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Markmiðið með Artótekinu er að kynna notendum Borgarbókasafnsins og öðrum samtímalist og gefa þeim kost á að leigja eða eignast listaverk á einfaldan hátt. ■

„Tónlistin sem við flytjum sækir efnivið sinn í gamlar sögur frá báðum löndum sem ná allt að 1.500 ár aftur í tímann.



Ég er stoltur af því að vera í þessum hóp, segir Pétur Oddbergur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hópur sem tengir saman tvo menningarheima



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

**M'anam er íslenskur og írskur tónlistarhópur sem kemur fram á Íslandi í fyrsta sinn á tónleikum í Iðnó fimmtudaginn 31. mars kluukan 20.00.**

Söngvarar á tónleikunum í Iðnó verða Bjarni Guðmundsson, Þórhallur Auður Helgason, Pétur Oddbergur Heimisson, Philip Barkhudarov, Fergus Cahillane, Cian O'Donnell, Daithí Ó. Nuanáin og Ryan Garnham.

M'anam, sem er írska og þýðir „sálin mín“, kom fyrst saman 2018. Hópurinn varð til þegar meðlimir úr sönghópnum Olga Vocal Ensemble og sönghópnum Anúna frá Írlandi sameinuðu krafta sína. „Írski tónlistarmaðurinn Michael McGlynn átti hugmyndina að stofnun hópsins og vildi þannig tengja saman írska og íslenska menningu. Hann kom til Íslands fyrir nokkrum árum og heillaðist af landi og menningu og vill vinna meira hér á landi. Tónlistin sem við flytjum sækir efnivið sinn í gamlar sögur frá báðum löndum sem ná allt að 1.500 ár aftur í tímann. Við sækjum innblástur í mikilfenglega náttúru Íslands og Írlands og förum ótroðnar slóðir til að tengja saman þessa tvo menningarheima,“ segir Pétur Oddbergur.

**Stoltur af hópnum**

McGlynn semur og útsetur allt efni fyrir hópinn. Hann hefur til dæmis samið lag við hið víðkunna erindi Deyr fé, deyja frændur úr Hávamálum og Gunnarshólma, hið ástsæla ljóð Jónasar Hallgrímssonar.

Pétur Oddbergur segir ákaflega gaman fyrir hópinn að koma fram á Íslandi. „Það er skemmtilegt að syngja hér heima í fyrsta sinn. Ég er stoltur af því að vera í þessum hóp, bæði af að fá að flytja tónlist Michael McGlynn sem er alveg frábær og að fá að flytja hana með svona flottum tónlistarmönnum. Við syngjum og spilum á langspil, írskt slagverk og gítar.“

**Önnur plata á leiðinni**

Fyrsta hljómplata M'anam kom út árið 2019. Hópurinn er nú að taka upp aðra plötu með nýju efni. Pétur Oddbergur segir að Covid hafi að sjálfsögðu haft áhrif á starfsemi hópsins og viðburðir hafi frestast en stefnt er að því að halda tónleika í Hollandi og á Írlandi í náinni framtíð. ■

# Tónlistin varð að blindandi sól

TÓNLIST

**Erna Vala Arnardóttir**
**Verk eftir: Mozart, Ravel, Rameau, Sibelius, Rakhmaninoff og Skrjabín**
**Salnum í Kópavogi**
**þriðjudaginn 22. mars**

Jónas Sen

Mozart var mikill grínisti og eitt sinn samdi hann sérstakt verk sem hét Tónlistarbrandari. Þar er heiltónaskali sem þekktist ekki á þeim tíma, samstíga fimmundir sem voru bannaðar, og svo endaði verkið í nokkrum mismunandi tóntegundum. Síðar meir voru þessar aðferðir teknar upp af öðrum tónskáldum og þykja nú ekkert tiltökumál, nokkuð sem hefði ekki hvarflað að Mozart á þeim tíma.

Sónatan hans nr. 18 í D-dúr KV 576 er líka hálfgerður brandari, full af skondnum tilþrifum og kitlandi hendingum. Erna Vala Arnardóttir flutti hana á tónleikum í Salnum í Kópavogi og gerði það í sjálfu sér ágætlega. Leikurinn var öruggur og skýr, hröð tónahlaup fullkomlega spiluð. Hins vegar var túlkunin dálítið kuldaleg, léttleikann vantaði og sumt hefði mátt vera innilegra.

**Stígandin stórglæsileg**

Næsta verk á dagskránni var mun meira sannfærandi. Það var La Valse eftir Ravel í einleiksútgáfunni, en meðal annars er líka til útfærsla á tónsmíðinni fyrir tvo píanóleikara. Erna Vala hafði gríðarlega erfiða tónlistina fullkomlega á valdi sínu: leikur hennar var eins og hjá tveimur píanóleikurum – hið minnsta! Stígandi var stórglæsileg og hápunktarnir magnaðar flugeldasýningar. Spilamennskan var glitrandi og alls konar heljarstökk heppnuðust prýðilega.



Erna Vala er mjög góður píanóleikari, segir Jónas Sen. MYND/AÐSEND

Eftir hlé flutti píanóleikarinn tvö stutt stykki eftir Rameau, La villageoise og Le rappel des oiseaux. Hið fyrra var fallegt, en hið síðara, þar sem líkt er eftir fuglasöng, hefði mátt vera nákvæmara. Hraðar tónahendingar og trillur voru örlítið gótóttar, sem virkuðu truflandi. Fyrir bragði fór tónlistin aldrei á flug.

Þrjú verk úr lagaflokki op. 24 eftir Sibelius komu mun betur út, túlkunin var einlæg og tilfinningaþrungin. Sömu sögu er að segja um Etude-Tableaux op. 39 nr. 5 eftir Rakhmaninoff, sem var þykk og munúðarfull, akkúrat eins og hún átti að hljóma.

**Andlegar upplifanir**

Lokatónsmíðin á efnisskránni var fjórða sónatan eftir Skrjabín. Hann var píanóleikari, auk þess að vera tónsmiður, og samdi aðallega píanótónlist. Hún var í dramatískum, síðrómantískum stíl til að byrja með. Þegar hann var 31 árs kynntist hann guðspeki og fór að verða fyrir ýmsum andlegum upplifunum sem hann reyndi að lýsa í tónlist sinni.

Fjórða sónatan er tónaljóð, innblásturinn er ákveðinn sýn sem Skrjabín túlkaði í tónum. Sýnin er af blárri stjörnu og listamaðurinn hefur sig þá á flug og flýgur til hennar. Hún verður að blindandi sól sem hann sameinast í stórkostlegri alsælu.

„Fyrri kaflinn var afskaplega fallegur og vel mótaður hjá Ernu Völu. Hinn síðari hitti hins vegar ekki alveg í mark.

Verkið er í tveimur köflum. Hinn fyrri er innhverfur og draumkenndur, en hinn síðari á að vera ofurhraður og „fljúgandi“ samkvæmt fyrirmælum tónskáldsins. Fyrri kaflinn var afskaplega fallegur og vel mótaður hjá Ernu Völu. Hinn síðari hitti hins vegar ekki alveg í mark. Fyrir það fyrsta var leikurinn of hægur, flugið í tónlistinni komst ekki til skila. Ýmis tæknileg atriði voru ekki heldur eins og best verður á kosið, hraðar nótur voru oft loðnar. Útkoman var hvorki fugl né fiskur.

Engu að síður er Erna Vala mjög góður píanóleikari, og eins og hér er komið fram, gerði margt vel. Þar var Ravel langbestur; hann var svo sannarlega eftirminnilegur. ■

**NIÐURSTAÐA:** Margt gríðarlega vel gert, en annað var síðra.

# PÁSKA TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

Allt að **600.000** kr. afsláttur

**Allir bílar með ábyrgð**

Allt að **100%** bílalán.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **það fylgir páskaegg öllum seldum bílum**

**- 600.000 kr.**




**Land Rover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 221 þ. km
Sjálfskiptur, Dísel
Ásett verð: 3.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.890.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Ford Kuga**
Nýsk. 3/18 Ekinn 174 þ. km
Sjálfskiptur, leður, lúga og fl.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Hyndai I-20**
Nýsk. 6/17 Ekinn 226 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 890.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 590.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Nissan Qashqai**
Nýsk. 6/18 Ekinn 206 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Honda CR-V**
Nýsk. 4/17 Ekinn 186 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Skoda Superb 4x4**
Nýsk. 5/15 Ekinn 164 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Nýsk. 5/16 Ekinn 171 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Honda CR-V Livestyle**
Nýsk. 11/17 Ekinn 160 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 2.840.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.390.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Nissan Pulsar**
Nýsk. 3/17 Ekinn 171 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.590.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.290.000. KR.**

**-500.000 kr.**




**Toyota Proace - 9 sæta**
Nýsk. 5/19 Ekinn 45 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 6.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 5.890.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Suzuki Vitara GLX**
Nýsk. 3/18 Ekinn 186 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Suzuki Swift GL+**
Nýsk. 4/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

Bílafjármögnun Landsbankans

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-16
SUN: LOKAÐ










Will Smith rekur Rock vænan kinnhest. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Sagði nokkur vel valin orð við mig og sló mig síðan

— segir Karl Olsen, um samskipti sín við Árna Johnsen alþingismann á sýningu í Sjómannaskólanum á laugardag

Árni Johnsen um átökin við Sjómannaskólann:

Ég svaraði að sjómannasið

Sjónvarpsfólk í sjokki eftir Kristján stórsöngvara

# Íslenskir kinnhestar

Will Smith var ekki sáttur við grín Chris Rock á Óskarsverðlaunahátíðinni um eiginkonu hans og rauk upp á svið og rak Rock vænan kinnhest sem heyrðist um víða veröld. Hér á Fróni eru til margir frægir kinnhestar þótt enginn sé frægari en sá sem Hallgerður langbrók rak Gunnari. Fréttablaðið skoðaði fræga íslenska kinnhesta.

benediktboas@frettabladid.is







## Björk í Auckland

Björk Guðmundsdóttir hafði litla þolinmæði fyrir því þegar nýsjálenski ljósmyndarinn Glenn Jeffrey tók myndir af henni á flugvelli í Auckland árið 2008. Hún reif bolinn utan af Jeffrey sem sat sár eftir og vældi mikið undan aðförum Bjarkar.

## Svaraði háðsglósu

Albert Guðmundsson sló tönn úr Einari Ólasyni ljósmyndara á níunda áratug síðustu aldar þegar Albert fundaði um stofnun Borgaraflokksins. Samkvæmt frásögn DV mun Einar hafa skotið háðsglósu að Albert sem heilsaði að sjómannasið.

## Allt í beinni

Óperusöngvarinn Kristján Jóhannsson löðrungaði fjölmiðlamanninn Gulla Helga í beinni útsendingu í Ísland í bítið árið 2004. „Þetta var helvíti fast,“ sagði Gulli við DV en hann hafði opnað viðtal með forsíðufrétt DV þar sem stóð: Kristján laug.





## Öryggismál eru ekkert grín

Árni Johnsen hefur oftar en góðu hófi gegnir komist í fjölmiðla fyrir kinnhesta. Hann rak Karli Olsen vænan kinnhest 1984 í Stýrimannaskólanum sem vakti á þeim tíma þjóðarathygli.

## Dýrasti kinnhestur sögunnar

Fáir hafa greitt hærra verð fyrir kinnhest en Gunnar okkar á Hlíðarenda. Hallgerður langbrók gat ekki fyrirgefið manni sínum þá svívirðu að löðrunga hana í vitna viðurvist. Þegar hann barðist fyrir lífi sínu, mörgum árum síðar, neitaði hún honum um hárlokk eftir að bogastrengur hans brast. „Þá skal eg nú, muna þér kinnhestinn og hirði eg aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur,“ sagði hún og lét svo Gunnar lífið.

SR30

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA




# GULLÖLD SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

- **1. APRÍL**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**







Þrátt fyrir mikla fjölgun í gæludýrahaldi á Íslandi bendir fátt til þess að dýrin lendi á vergangi þegar samkomutakmörkunum sleppir. MYND/PIXABAY

# Gæludýr fengu heimili til frambúðar í faraldrinum

**Að sögn forstöðumanns Dýrahjálpar er aukin ábyrgðartilfinning liður í fækkun heimilislausra dýra hér á landi eftir heimsfaraldur. Rekstrarstjóri Kattholts vill fara varlega í sakirnar og meta stöðuna eftir sumarið. Formaður Hundaræktunarfélagsins segist sjá mikla aukningu í hundahaldi.**

ninarichter@frettabladid.is

Samkvæmt gögnum frá skráningarstofunni Dýraauðkenni hefur gæludýrahald landans stóraukist í heimsfaraldri.

Þvert á áhyggjur fólks virðast flest þeirra gæludýra sem ættleidd voru á bilinu 2020 til 2022 hafa fengið framtíðarheimili.

„Það hefur orðið sprenging í hundum. Nú eru allir að fá sér hunda,“ segir Daníel Örn Hinriksson, formaður Hundaræktunarfélags Íslands. Hann staðhæfir að fjölgunin sé til komin vegna heimsfaraldurs.

„Ég held að þetta sé uppstokkun hjá fólki sem er farið að horfa á lífið öðrum augum,“ segir hann. „Hraðinn er búinn og fólk þarf ekki að fara til London í hvert einasta skipti sem það á aukadag í fríi. Kannski er þetta búið að vera draumur lengi hjá einhverjum, en fólk ekki gefið sér að láta verða af því fyrr en núna.“

Daníel Örn segist ekki sjá marga hunda í heimilisleit núorðið og segist halda að fólk átti sig betur á ábyrgðinni sem hundahaldi fylgi. „Það eru helst blendingarnir sem lenda á flakki,“ segir hann.“



Fjöldi manns hefur bætt hundi í hóp fjölskyldumeðlima í faraldrinum.

**Enginn hundur í heimilisleit**

Valgerður Valgeirsdóttir, formaður Dýrahjálpar, svarar aðspurð að ekki hafi verið fjölgun á dýrum á vergangi eftir að samkomutakmörkunum létti og staðan á Íslandi sé ekki eins slæm og erlendis. „Það er miklu minna hér heldur en annars staðar,“ segir Valgerður. „Ástæðan er þróun sem er þannig að fólk er ábyrgara hvað varðar að fjölga dýrunum sínum,“ segir hún og bendir á að sá gamli hugsanagangur sé á undanhaldi að dýr þurfi að fjölga sér í að minnsta kosti eitt skipti áður en þau eru geld. „Þetta var mýta sem þurfti bara aðeins að fræða fólk um,“ segir hún.

Að sögn Valgerðar hafði eftirspurnin aukist nokkuð áður en heimsfaraldur kom til sögunnar.

„Þremur árum fyrir Covid var meiri eftirspurn en framboð eftir dýrunum, sem þýðir að það var hægt að velja heimilið betur,“ segir hún. Þannig hafi verið miklu fleiri um hvert og eitt dýr. „Það gerðist í fyrsta skipti í Covid að það var enginn hundur í heimilisleit.“

**Tómt í Kattholti í kóvidinu**

Valgerður segir að þó komi bylgjur í þessum efnum. „En það er nóg af fólki sem vill sinna þessum dýrum.“ Aðspurð hvort einhver breyting sé á taktinum í lífi fólks svarar hún. „Ég þekki það ekki, en það getur verið að fólk sé búið að bíða lengi,“ segir hún. Valgerður segir að margir hafi haft miklar áhyggjur í upphafi faraldurs, að fjöldi dýra yrði heimilislaus eftir faraldurinn. En það sé ekki raunin.

Hanna Evensen, rekstrarstjóri í Kattholti, segist hafa séð fjölgun katta í heimilisleit eftir aflettingar. „En það var allt tómt í Covidinu. Kettir stoppuðu mjög stutt hjá okkur þá. En við erum aðeins farin að finna fyrir því aftur,“ segir Hanna.

Hún tekur þó fram að fólk fari leynt með það ef dýrinu er skilað vegna breytinga í tengslum við faraldurinn. „Fólk er ekkert að viðurkenna að það sé þetta Covid-ástand,“ segir hún. „En mér finnst vera aukning.“

**Vill meta stöðuna í haust**

Hanna segist óska þess að allir sem vilji ketti eignist ketti. „En ég vil ekki að fólk skili þeim. Þeir kettir sem fara frá okkur, þeir fara á heimili þar sem fólk er að eignast nýjan fjölskyldumeðlim,“ segir hún.

„Þeir kettir sem fóru frá okkur í Covid-inu fóru til frambúðar. Það er mjög mikilvægt að fólk sé ekki að taka að sér ketti vegna þess að því leiðist og það kemst ekki í vinnu,“ segir hún.

Að sögn Hönnu er of snemmt að staðhæfa strax um hvernig íslenskir kettir komi út úr heimsfaraldrinum. „Ég vil ekki vera með staðhæfingar. Sjáum hvernig sumarið þróast.“ ■

# Strákar láta til sín taka vegna TikTok

ninarichter@frettabladid.is

„Það er gaman að sjá hversu margir strákar hafa bæst í hópinn út af TikTok. Þeir þora núna miklu meira að skemmta sér og hreyfa sig,“ svarar Birna Björnsdóttir, sem á og rekur dansskóla undir sínu nafni, og fagnar skólinn 25 ára afmæli með danssýningu í Borgarleikhúsinu á fimmtudag.

Fyrir þá sem ekki þekkja smáforritið TikTok má útskýra það þannig að notandinn taki 10-20 sekúndna dans upp á myndband. Áhrifa smáforritsins vinsæla gætir víða, til dæmis í popptónlistarsmíðum, þar sem stjörnur semja jafnvel tónlist og framleiða tónlistarmyndbönd



Birna Björnsdóttir, dansari

með frumsömdum dansssporum í því skyni að gera tónlistina sérstaklega TikTok-væna og gríðarlegir fjármunir eru þar í húfi.

**Yngstu nemendurnir þriggja ára**

Dansskóli Birnu Björnsdóttur slær upp heljarinnar nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á fimmtudag, þar sem mörg hundruð nemendur dansa saman. Yngstu nemendurnir við skólann eru að sögn Birnu aðeins þriggja ára.

„Við setjum upp á hverju einasta ári dansleikhús. Núna verður öllu til tjaldað vegna afmælisins enda hafa ekki verið áhorfendur hjá okkur í tvö ár,“ segir Birna. „Við erum með dansdeild og söngleikjadeild,“ segir hún.

Aðspurð hvort poppmenning kallist mikið á við dansnámið svarar hún játandi. „Já, til dæmis í gegnum bíómyndir á borð við Greatest Showman. Krakkar vilja dansa mikið úr því. Og auðvitað Eurovision líka. Síðan eru söngleikir af West End og margt fleira.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


Pizza Hut
TÆKIFÆRI TIL AÐ
PANNA SIG
PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í MARS
STÓR PIZZA ★ 1.590
PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR
pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

## Bakþankar



Péturs Georgs Markan

# Markús fermist

Það er ótvírætt merki um vorbirtuna þegar fermingar fara að banka upp á. Eftir leiðinlegan vetrarlurk frá áramótum hefur biðin eftir vorinu sjaldan verið jafnmikil. Þá bíða páskarnir handan hornsins – sigur lífsins á dauðanum – birtan sem eyðir skugganum. Þannig er það skýr táknmynd að fermingar fari fram á vorin – þegar ný kynslóð staðfestir það lífserindi að elska og virða náungann– vera ljóskyndill kærleikans og vonarinnar.

Skuggi Rússlands breiðir nú úr sér með ógn og dauða og það verður öðru fremur áskorun lýðræðis, frelsis og mannréttinda að lýsa upp skuggann. Eyða honum. Og það mun takast. Með samhentu bandalagi þjóða sem játa sömu gildi mun sigur vinnast. Á þeim vettvangi þarf Ísland að vera fullgildur meðlimur – þjóð meðal þjóða.

Fermingarfræðslan er ein af meginstoðum íslenskrar menntasögu – lestrarkennsla íslenskra alþýðubarna hófst með skipulögðum hætti í gegnum fermingarfræðslu. Allar götur síðan hefur fermingarfræðsla verið hluti af menntun Íslendinga. Og fermingarfræðsla hefur þróast og þroskast. Í dag sækja ungmennin fræðslu yfir vetrartímann þar sem þau ræða og læra um fjölbreytileikann, kærleikann, umhverfisvernd og mannréttindi. Læra um frelsið sem grundvallast öðru fremur á gagnkvæmu virðingarsambandi við sjálfan sig, náungann og umhverfið.

Markús Steinn frændi minn fermdist síðasta sunnudag í Lindakirkju ásamt breiðu af ungmennum. Öll játuðu þau því að leitast við að eiga Jesú Krist að leiðtoga lífsins. Í fáum orðum þýðir það að elska og virða náungann, vernda umhverfið – vera kyndill kærleikans og vonarinnar. Skugga Rússlands verður ekki eytt endanlega nema með útbreiðslu kærleika, mannréttinda, frelsis og lýðræðis. Markús Steinn og hans fermingarsystkini eru hluti af þeirri vegferð. ■





10kr.
AFSLÁTTUR
MEÐ ORKULYKLI

GERIÐ GÆÐA OG VERÐSAMANBURÐ
Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum




STILLANLEG HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

GHENT
HANDGERÐ HEILSURÚM – FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

★ FERMINGARTILBOÐ ★

ÝMIR
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT POKAGORMAKERFI
Styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Pokagormarnir eru með misþykkum vír eftir því hvar þeir eru staðsettir í dýnunni. Mjúkir við axlasvæði, stífir við mjóbakssvæði, millistífir í miðjunni.
330 gormar per fm². Tvíhert stál.

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~99.900 kr.~~ | 89.900 kr. |
| 140×200 | ~~114.900 kr.~~ | 104.900 kr. |
| 150×200 | ~~129.900 kr.~~ | 119.900 kr. |

Öll verð með PU botni og fótum.
ATH. fleiri stæðir í boði.



GÓÐUR STUÐNINGUR VIÐ MJÓBAK



FRIGG – MILLISTÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

ÓÐINN – STÍF
HÁGÆÐA SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA Á FRÁBÆRU VERÐI
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður mjóbaksstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

IÐUNN
GÓÐ SJÖ SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA SEM STYÐUR RÉTT VIÐ LÍKAMANN
Cool efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og betri líðan, þú færð dýpri og betri svefn. Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.

FRIGG, ÓÐINN OG IÐUNN:

| STÆRÐ | VERÐ ÁÐUR | VERÐ NÚ |
|---|---|---|
| 120×200 | ~~139.900 kr.~~ | 119.900 kr. |
| 140×200 | ~~159.900 kr.~~ | 139.900 kr. |
| 150×200 | ~~179.900 kr.~~ | 159.900 kr. |

Öll verð eru með PU botni og fótum. ATH. fleiri stæðir í boði.

25% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM VIÐ DÝNUKAUP

VERÐ SEM KOMA Á ÓVART

Svefn & heilsa ★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.







LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.